



# MARKAÐURINN

Sögurnar... tölurnar... fólkíð...



Miðvikudagur 7. maí 2008 – 19. tölublað – 4. árgangur

Veffang: visir.is Sími: 512 5000 **visir**

**Brugðist við bensínverði**  
Rafmagn á bílana



13

**Hrávara hækkar hratt**  
Ólík viðbrögð við verðbólgu



6

**Lífsstíll**  
Kafað í golfið



14



JÓNAS FR. JÓNSSON Forstjóri Fjármálaeftirlitsins hefur nú leitað út fyrir landsteinana í rannsókn sinni.

## FME leitar til útlanda

Fjármálaeftirlitið (FME) hyggst fljótlega meta hvort rannsókn á skipulegum neikvæðum orðrómi um íslenskt efnahagslíf verði haldið áfram.

Rætt hefur verið um að vogunarsjóðir hafi komið slíkum orðrómi á fót í hagnaðarskyni. Samkvæmt upplýsingum Markaðarins bíður eftirlitið eftir upplýsingum erlendis frá og metur framhaldið í ljósi þeirra upplýsinga. Hugsanlega er þar átt við erlendar systurstofnanir en það er ekki gefið upp.

Rannsókn eftirlitsins hefur nú staðið í meira en mánuð, en fátt hefur verið gefið upp um gang mála.

Fjármálaeftirlitið hefur sagst hafa kallað eftir gögnum, en gefur ekki upp hvaðan. - ikh

### FRÉTTIR VIKUNNAR

**MK One selt** | Baugur gekk undir lok síðustu viku frá sölu á versunarkeðjunni MK One. Söluverð fékkst ekki uppgæfið, en kaupandi er Hilco Retail Investment.

**Hættu við Yahoo** | Microsoft hætti um helgina við að kaupa Yahoo þegar ekki samdrist um verð fyrir félagið. Kauptilboðið var upp á hátt í 4.000 milljarða króna, eða 33 Bandaríkjadali á hlut.



**Undirmálslán** | Kaupþing afskrifaði 13 milljarða króna á fyrsta fjórðungi ársins vegna undirmálsána. Afskrifin er til komin vegna láns í tengslum við fyrirhuguð kaup Kaupþings á NIBC sem ekki varð af. Hollenski bankinn fjárfesti upphaflega í undirmálskuldabréfum.

**Félög á förum** | Stjórn Flögu Group fór í síðustu viku fram á það við Kauphöll Íslands að félagið yrði skráð af markaði. Önnur félög sem eru á leið úr Kauphöllinni á þessu ári eru Vinnslustöðin, FL Group, Icelandic Group og Skipti.

**Stýrivaxtaspá** | Greining Glitnis spáir því að Seðlabanki Íslands hækki enn stýrivexti á næsta vaxtaákvörðunarfundi sínum 22. þessa mánaðar. Spáð er 25 punkta hækking, en verði af henni fara stýrivextir hér í 15,75 prósent.

**Wall Street** | Warren Buffet, fjárfestirinn heimsþekkti, lét um helgina eftir sér hafa að að lánsfjárfestir væri að ljúka fyrir fyrirtækin á Wall Street en ekki fyrir almenning.

# Skorar á lífeyrissjóði að fjárfesta í félaginu

Forstjóri Icelandair telur mjög hollt að félagið verði áfram í eigu Íslendinga og vill sjá aðkomu lífeyrissjóðanna. Stjórnarformaðurinn segir útlendinga hafa reynt að kaupa.

**Björn Ingi Hrafnsson**  
skrifar

Björgólfur Jóhannsson, forstjóri Icelandair Group, segir að vissulega hafi umræða um eignarhald félagsins ávallt áhrif á starfsemi þess.

„Það er að mínu mati ekki gott að slík óvissa sé uppi, en þetta fylgir því að vera með félag skráð á markaði,“ segir Björgólfur enn fremur og bætir við að ef rétt sé að stórir hluthafar í félaginu vilji selja sinn hlut voni hann auðvitað að í staðinn komi traustir aðilar sem horfi til lengri tíma.

Hvað varðar möguleg kaup erlendra aðila á félaginu segir Björgólfur það sína skoðun að mjög hollt væri ef unnt væri að hafa Icelandair áfram í eigu Íslendinga, að minnsta kosti sjálfan flugreksturinn, enda skipti hann sköpum fyrir samgöngur til og frá landinu.

„Ég vil þess vegna skora á okkar sterku lífeyrissjóði að koma að rekstri þessa félags og tryggja þannig að það verði áfram í eigu landsmanna,“ bætir hann við.

Gunnlaugur M. Sigmundsson, stjórnarformaður Icelandair, segir ekki stefnu stærstu eigenda í

Icelandair Group að selja frá sér stóran eignarhlut í fyrirtækinu. „Nýverið var í fréttum að aðrir stórir hluthafar væru að bjóða hlutabréf sín til sölu erlendis, en mér vitanlega er sú frétt ekki rétt. Hitt er svo annað mál að það væri hagur að því fyrir alla að fá fleiri öfluga fjárfesta að félaginu, til dæmis lífeyrissjóði,“ bætir Gunnlaugur við og bendir á að miðað við gengi félagsins á markaði núna ættu kaup á hlutafélaginu að vera góður fjárfestingarkostur.

Stjórnarformaðurinn segist ekki treysta sér til að dæma um hve líklegt það sé að erlendir aðilar eignist umtalsverðan hlut í Icelandair eða allt hlutafélagins á næstu árum. „Fyrir liggur að stór erlendir aðili lýsti áhuga á því síðastliðinn vetur að kaupa félagið allt en hluthafar sem réðu yfir því magni atkvæða sem sóst var eftir sáu sér þá ekki hag í að selja sín hlutabréf. Sú afstaða er óbreytt, að minnsta kosti hvað varðar þá hluthafa sem ég fer með umboð fyrir,“ segir hann, en samkvæmt heimildum Markaðarins er þar vísað til áhuga forsvarsmanna SAS á aðkomu að rekstri Icelandair fyrir um ári síðan.

Sjá síður 8 og 9

## Erlendu verkafólki snarfækkar

Álíka margir fóru heim á fyrstu þremur mánuðum ársins og allt árið í fyrra.

„Við gáfum út um þúsund svona vottorð á fyrstu þremur mánuðum ársins, en þau voru tólf hundruð allt árið í fyrra,“ segir Gissur Pétursson, forstjóri Vinnumálastofnunar.

Par vísar hann til svonefndra E-vottorða. Erlendir ríkisborgarar á íslenskum vinnumarkaði fá þessi vottorð til staðfestingar því að hafa verið hér í tryggingaskyldri vinnu. Vottorðin veita þeim rétt-

indi til atvinnuleysisbóta í heimalandinu.

Gissur bætir því við að raunar hafi nokkur hluti þeirra sem sóttu um vottorð í byrjun árs unnið við álverið á Reyðarfirði, þar sem framkvæmdum er lokið.

Gissur segir að nú séu á milli sautján og átján þúsund erlendir ríkisborgarar við störf á íslenskum vinnumarkaði. „Við gerum ráð fyrir að það fækki í þessum

hópi um þrjú þúsund manns á árinu.“

Gissur bendir á að hingað til hafi verið nokkuð um að fólk bæði komi og fari, til að mynda hafi verið nokkuð um nýskráningar útlendinga í janúar og febrúar, en nú sé straumurinn frekar úr landi. „Við sjáum þetta bæði á skráningunum og finnum þetta í samtölum við útlendinga og vinnuveitendur.“ - ikh / Sjá síðu 12

Örugg ávöxtun í þeirri mynt sem þér hentar

Peningabréf Landsbankans

ISK  
16,3%\*

GBP  
5,5%\*

DKK  
4,2%\*

USD  
2,8%\*

EUR  
4,1%\*

CAD  
3,5%\*

Markmið  
Peningabréfa er að ná hærri ávöxtun en millibankamarkaður og gjaldeyrisreikningar. Enginn munur er á kaup- og sölugengi.



Peningabréf ISK/EUR/USD/GBP/CAD/DKK eru fjárfestingarsjóðir í skilningi laga nr. 30/2003, um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Sjóðirnir eru reknir af Landsvaka hf., rekstrarfélagi með starfsleyfi FME. Landsbankinn er vörsluðili sjóðanna. Athygli fjárfesta er vakin á því að fjárfestingarsjóðir hafa rými fjárfestingarheimildir skv. lögnum heldur en verðbréfasjóðir. Um frekari upplýsingar um sjóðina, m.a. hvað varðar muninn á verðbréfasjóðum og fjárfestingarsjóðum og fjárfestingarheimildir sjóðanna, vísast til útböslýsingar og útdráttar úr útböslýsingu sem nálgast má í afgreiðslum Landsbankans auk upplýsinga á heimasíðu bankans, landsbanki.is.

\* Nafnvöxtun á ársgrundvelli (ACT/ACT) frá 1. apríl - 2. maí 2008.

## GENGISPRÓUN

	Vika	Frá áramótum
Atorka	-1,4%	-26,8%
Bakkavör	-18,1%	-41,4%
Exista	-8,4%	-42,2%
FL Group	-2,8%	-56,7%
Glitnir	0,0%	-23,5%
Eimskipafélagið	+0,9%	-35,2%
Icelandair	-5,2%	-21,4%
Kaupþing	-5,1%	-8,2%
Landsbankinn	-7,9%	-19,6%
Marel	-1,5%	-12,7%
SPRON	-8,3%	-47,9%
Straumur	-5,6%	-18,0%
Teymi	-2,9%	-38,6%
Össur	-4,1%	-3,2%

\*Miðað við gengi í Kauphöll á mánudag

## Ábyrgð Eimskips ennþá í gildi

Stjórnendum XL Leisure hefur ekki tekist að fjármagna gjaldfallið lán.

Ekki er enn búið að aflétta ábyrgð Eimskipafélagsins á 280 milljóna dollara láni, sem jafngildir um 21 milljarði króna, sem fylgdi XL Leisure Group þegar stjórnendur keyptu það félag af Eimskip í október 2006. Fengu stjórnendur XL frest til mánudagsins til að fjármagna lánið upp á nýtt. Það gekk ekki eftir og er lánið nú gjaldfallið í Landsbankanum.

Sindri Sindrason, stjórnarformaður Eimskips, sagði málið þó búið að þokast í rétta átt. Kaupendur XL Leisure Group væru að vinna að úrlausn þess, en hægt gengi vegna erfiðleika á lánsfjármörkuðum. Hann sagðist að öðru leyti líti

geta tjáð sig um málið.

Innan XL Leisure Group eru Excel Airways Group í Bretlandi, Star Airlines í Frakklandi og Star Europe í Þýskalandi. Kaupverðið var um 480 milljónir dollara og fylgdi ábyrgð Eimskipafélagsins með skilyrðum um að henni yrði létt fyrir tveimur mánuðum. Þá gaf Eimskip út tilkynningu þar sem sagði að gefinn yrði níutíu daga frestur til að klára endurfjármögnun.

Magnús Stephensen, framkvæmdastjóri móðurfélagsins Excel Holdings, sagðist ekki geta tjáð sig um málið að svo stöddu. Upplýst yrði um niðurstöðuna þegar málið væri frágengið.



MAGNÚS STEPHENSEN Segir unnið höndum að úrlausn málsins.

## Meira flutt inn af eldsneyti

Bensíninnflutningur hingað til lands í fyrra var nokkru minni en árið á undan, að því er fram kemur í Hagvísunum Hagstofunnar. Á hinn bóginn jókst innflutningur á gasolíu, brennsluolíu og þotueldsneyti.

Í hitteðfyrra voru flutt inn ríflega sjötíu þúsund tonn af brennsluolíu, en yfir 100 þúsund tonn í fyrra. Í heildina voru flutt hingað til lands 821.724 tonn af eldsneyti í fyrra. Það er nokkru meira en í fyrra. Hagstofan segir muninn kunna að skýrast af sveiflum í innkaupum.

- bg

- ikh

## Kaupþing afskrifar 24 milljarða króna

Kaupþing banki afskrifaði á fyrsta ársfjórðungi rúma fjóra milljarða króna vegna tapaðra útlána til einstaklinga og meðalstórra fyrirtækja. Er þetta tvöfalt hærri upphæð en var á síðasta ársfjórðungi 2007.

Virðisrýrnun útlána skýrist annars vegar af viðbótarframlagi í afskriftasjóð á Íslandi sem nemur um 2,3 milljörðum króna. Hins vegar eru afskriftir í tengslum við sértæk lán upp á 1,8 milljarða, meðal annars vegna lánveitingar til fiskeldisfyrirtækis á Hjaltlandseyjum að fjárhæð 758 milljónir króna.

Þá tapar Kaupþing tæpum 6,8 milljörðum á skuldabréfavafningum sem skrifstofan í London hélt utan um. Til viðbótar afskrifar bankinn tæplega þrettán milljarða króna lán til eigenda NIBC í tengslum við yfirtöku á hollenska bankanum.

Samanlagt er tapið vegna þessa tæpir 24 milljarðar króna.

Þóknatekjur á bankasviði drógust saman um tæp fimm-tíu prósent, í markaðsviðskiptum



FORSTJÓRI KAUPÞINGIS Hreiðar Móri Sigurðsson segir rektur Kaupþings verða erfiðan þetta árið.

drógust þóknatekjurnar saman um 26 prósent, tæp þrjú prósent í fyrirtækjarðgjöf og tæp sautján prósent í eignastýringu og einkabankþjónustu.

Þá varð gengistap markaðsviðskipta vegna hlutabréfastöðu í norrænum og breskum félögum 8,8 milljarðar króna.

- bg

## Ársreikningaskrá fær refsivönd með vorinu

Reglugerð vegna nýrra sektarákvæða sem grípa má til, skili fyrirtæki ekki ársreikningum, er nærri tilbúin. 4.000 hafa skilað reikningum frá því hótunarbref var sent út í byrjun árs. Eftir standa 2.250 slóðar.

Óli Kristján Ármannsson  
skrifar

Fyrirtæki sem enn eiga eftir að skila ársreikningum vegna ársins 2006 eru 2.250 talsins, samkvæmt upplýsingum frá Ársreikningaskrá. Hluti þeirra er með enn lengri hala og hefur ekki skilað reikningum árum saman.

Guðmundur Guðbjarnason, forstöðumaður Ársreikningaskrár, segir fyrirtæki hins vegar hafa tekið vel við sér eftir að stofnunin sendi í byrjun árs út áminningarbréf til vanskilafyrirtækja. Þar var bent á að í ár hefðu tekið gildi lög sem heimildu að beita fyrirtæki sem ekki skiluðu ársreikningum dagsektum frá 10 til 100 þúsunda króna á dag. „Eftir þá aðgerð hafa borist um fjögur þúsund ársreikningar,“ segir hann, en mest barst fljótlega eftir áminningu, en hefur svo heldur hægt á innsendingum síðan.

Guðmundur áréttar að þótt félögin sem enn eiga eftir að skila séu mörg þurfi í því samhengi að athuga að innan um séu ótal smáfélög og einyrkjar sem jafnvel hafi trassað að afskrá félög sem löngu séu hætt starfsemi. „Hluti af þessum félögum er á leið í gjaldþrot og svo verður bara reynt að afskrá önnur sem dauð félög. Það er miklu vænlegra en að vera að sekta dauð félög,“ segir hann. „En auðvitað eru þarna innan um félög sem ættu að hafa séð sóma sinn í að skila, en önnur eru nú bara þannig að þau láta hafa fyrir sér.“

Enn er ekki farið að koma til þess að beita dagsektum á fyrirtæki og verður ekki fyrr en til reiðu verður í fjármálaráðuneytinu reglugerð þar sem kveðið er nánar á um framkvæmd þeirra. „Vinna við umrædda reglugerð er á lokastigi,“ segir Baldur Guðlaugsson ráðuneytisstjóri. Guðmundur Guðbjarnason segist hafa fengið þau svör úr ráðu-



GUÐMUNDUR GUÐBJARNASON Forstöðumaður Ársreikningaskrár segir að áður en nýjum sektarheimildum stofnunarinnar verði beitt þurfi að vinna „dauð félög“ úr hópi þeirra sem trassað hafa að skila ársreikningum.

MARKAÐURINN/ANTON

neytinu að lokavinnsla reglugerðarinnar hafi táfist aðeins vegna anna við gerð lagafrumvarpa. „En þetta er til í handriti og kemur bara núna í maímánuði,“ segir hann.

Komi til þess að Ársreikningaskrá beiti fyrirtæki sem ekki hafa skilað ársreikningum dagsektum verður það í fyrsta sinn sem slíkt er gert með þeim hætti. „Reyndar eru til dæmi um sektir frá dómstólum, en þau eru bara svo fá. Þetta er hins vegar í fyrsta sinn sem Ársreikningaskrá fær þessa heimild beint.“

## Coldwater lokar verksmiðju í Bretlandi

Coldwater, dótturfyrirtæki Icelandic Group, hefur ákveðið að loka verksmiðju sinni í Redditch í Bretlandi. Verksmiðjan var keypt árið 2003 og hafa þar verið framleiddir kældir tilbúnir réttir.

Icelandic segir í tilkynningu til Kauphallarinnar að náðst hafi samkomulag við starfsmenn og verkalýðsfélög á svæðinu. Verk-

smiðjunni verði lokað eftir réttan mánuð. Coldwater ætlar að færa framleiðsluna til Grimsby, þar sem félagið hefur einnig verið með starfsemi.

Fram kom á aðalfundi Icelandic Group á dögnum að mikil hagræðing væri fram undan. Fráfarandi stjórnarformaður sagði þá að slíkt væri nauðsynlegt ætti félagið að lifa.

- ikh



LANDBÚNAÐARSÝNINGIN  
HELLU

22.-24. ÁGÚST 2008

22.-24. ÁGÚST 2008

Tryggðu þér svæði  
– bókaðu núna!


[www.landbunadarsyning.is](http://www.landbunadarsyning.is)

Samstarfsaðilar:



Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti

# Lyf gegn verðbólgu



Við núverandi aðstæður er eðlilegt að fólk í fjárfestingar- og sparnaðarhugleiðingum skoði öruggustu kostina þegar kemur að ávöxtun og tryggi sig gegn verðbólgunni. Skuldabréfasjóðir SPRON Verðbréfa eru frábær dæmi um sterka fjárfestingarkosti á verðbólgutímum.

## Stuttur skuldabréfasjóður

Stuttur skuldabréfasjóður er blandaður sjóður sem fjárfestir í skuldabréfum með stuttan líftíma. Sjóðurinn fjárfestir í skuldabréfum með ábyrgð ríkissjóðs, trausta fyrirtækja, fjármálastofnana og sveitarfélaga. Sjóðurinn er að stærstum hluta verðtryggður. Litlar sveiflur, traustur fjárfestingarkostur.

## Langur skuldabréfasjóður

Langur skuldabréfasjóður er blandaður, verðtryggður sjóður sem fjárfestir í skuldabréfum með langan líftíma. Sjóðurinn fjárfestir í skuldabréfum fjármálafyrirtækja, trausta fyrirtækja og að lágmarki fjórðung í ríkistryggðum skuldabréfum. Meiri sveiflur, góður fjárfestingarkostur.

Kynntu þér málið nánar á [spronverdbref.is](http://spronverdbref.is)

## ESB tali fyrir evrunni

Joaquin Almunia, efnahagsmálastjóri Evrópusambandsins (ESB), vill að sambandinu verði færð frekari völd gagnvart efnahag þeirra ríkja sem eru í myntbandalagi Evrópu.

Þýska blaðið Der Spiegel greinir í gær frá skýrslu, sem kynnt verður í dag, þar sem hugmyndir Almunia eru kynntar. Samkvæmt Spiegel vill Almunia að framkvæmdastjórn Evrópusambandsins fái frekari völd til að stýra launþróun og sveigjanleika vinnumarkaða á evrusvæðinu. Þá vill Almunia enn fremur að komið verði

upp nokkurs konar varnarkerfi, svo hægt verði að bregðast við efnahagsvanda á evrusvæðinu.

Í skýrslunni kemur enn fremur fram vilji framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins til að koma fram fyrir hönd allra ríkja sem eru aðilar að myntbandalaginu, til að mynda í hópi G-7 ríkjanna eða Alþjóðagjaldeyrissjóðnum, í stað þess að einstök ríki komi þar fram fyrir eigin hönd. „Það er eðlilegt og hagkvæmt, í ljósi þess að hér er rekin ein peningamálastefna“ segir Almunia.

- ikh

## Spá óbreyttri verðbólgu

Greining Glitnis spáir því að vísitala neysluverðs hækki um 0,9% milli apríl og maí. Gangi spáin eftir mun ársverðbólga vera óbreytt milli mánaða, 11,8%.

Kemur fram í spánni að búast megi við því að áhrifa vegna gengislækkunar krónunnar muni enn gæta í maí, þó svo að stærsti kúfurinn sé liðinn hjá. Fram kemur í spánni að mikið hafi dregið úr verðhækkun húsnæðis, en búast megi við að samdráttur á húsnæðismarkaði muni leiða til lítills háttar verðlækkunar nafnverðs húsnæðis á árinu. „Sú lækkun sem við eigum von á er þó aðeins brot af þeirri hækk-



un sem átti sér stað á síðasta ári. Við teljum líklegt að húsnæðisverð eins og Hagstofan mælir það muni lækka lítillega í maí og að markaðsverð húsnæðis lækki um tæplega 4 prósent yfir árið og að lítill lækkun verði einnig á árinu 2009.“

Greining Glitnis telur að þegar „kröftugu verðbólgu“ megi ætla að nokkuð hratt muni draga úr verðbólgu; hún verði yfir 10 prósent fram í október, nálægt 8 prósentum í árslok og að 2,5 prósent verðbólgu markmiði Seðlabankans verði náð um mitt næsta sumar og verði undir því á seinni hluta næsta árs.

- bih

## Stórtap hjá UBS

Svissneski bankinn UBS tilkynnti í gær að tap á rekstri bankans á fyrsta ársfjórðungi hefði numið 11,5 milljörðum svissneskra franka, jafnvirði 840 milljarða íslenskra króna. Bankinn hafði áður varað við að búast mætti við allt að 12 milljarða franka tapi á tímabilinu.

Bankinn segir í yfirlýsingu að fækkað verði um 5.500 störf á næstunni, sem eru jafn margir og vinna hjá íslenskum fjárfestingaföngum. UBS, sem er stærsti banki í Sviss, hefur alls tapað jafnvirði 2.870 milljarða



SVISSNESKI UBS Stefnt að segja upp 5.500 manns á næstunni.

króna frá því í sumar, aðallega vegna undirmáslánakreppunnar bandarísku.

- ss

## Norsk sveitarfélög fá úr þrotabúi Terra

Hálfur milljarður norskra króna rennur til norskra sveitarfélaga úr þrotabúi Terra Securities vegna undirmáslána.

Óli Kristján Ármannsson  
skrifar

Skiptastjóri norska verðbréfamíðunarfyrirtækisins Terra Securities ASA hefur viðurkennt kröfu átta norskra sveitarfélaga í þrotabúi fyrirtækisins, að því er norskir fjölmiðlar greindu frá í gær.

Krafan er til komin vegna fjárfestingar sveitarfélaganna í skuldabréfavafningum tengdum bandarískum undirmáslánum fyrir 1.451 milljón norskra króna, eða tæpa 22 milljarða íslenskra króna. Í þrotabúinu fyrirfinnst hins vegar ekki nema 725 milljónir norskra króna, eða sem nemur tæpum ellefu milljörðum íslenskra króna.

Skuldabréfavafningarnir voru seldir með miklum afföllum, en samkvæmt úrskurði skiptastjórans skal söluandvirðið renna til sveitarfélaganna sem í þeim höfðu keypt. Heildarendurgreiðsla nemur þó ekki nema 434,8 milljónum norskra króna (6,5 milljörðum íslenskra króna) eða tæpum þriðjungi af heildarfjárfestingu sveitarfélaganna.

Sveitarfélögin sem um ræðir eru Bremanger, Hattfjelldal, Haugesund, Hemnes, Kvinesdal, Narvik, Rana og Vik. Þau eru gjarnan nefnd Terra-sveitarfélögin, en mikið hneykslismál varð úr þegar upplýstist um fjárfestingar þeirra í nóvember í fyrra. Terra Securities hafði milligöngu um kaup sveitarfélaganna í skuldabréfavafningum vestanhafs, en



ÁLASUND Í NOREGI Í Noregi er víða ægifagurt um að litast. Átta sveitarfélög sem fjárfest höfðu í undirmáslánaskuldabréfavafningum fá til baka um þriðjung upphæðarinnar sem fjárfest var fyrir.

MARKAÐURINN/ÓKÁ

vafningarnir voru í eigu bandaríska stórbankans Citigroup.

Heildarkröfur í þrotabúi Terra Securities nema 1,7 milljörðum norskra króna og eru þar sveitarfélögin átta langfyrirferðarmest, með 85 prósent krafanna. Heildarfjöldi krafna er hins vegar 393 að því er frá er greint í frétt Aftenposten. Þegar dregin hefur verið frá greiðslan sem samþykkt var til sveitarfélaganna eru eftir 317,5 milljónir norskra króna í þrotabúinu. Sú greiðsla skiptist á milli sveitarfélaganna og annarra kröfuhafa í hlutfalli við kröfur. Heildarendurgreiðsla til sveitarfélaganna átta nemur því að sögn Aftenposten 502,8 milljónum norskra króna, eða rúmum 7,5 milljörðum íslenskra króna.

## 122 dalir á tunnu

Olíuverð fór upp undir 122 Bandaríkjadali á tunnu í Bandaríkjunum í gær. Frá því er greint í Financial Times í gær að hækkunir á verði komi til af truflunum á framleiðslu og bjartsýni um að Bandaríkin komist hjá kreppu.

Verð á Norðursjárólíu fór yfir 120 dali á markaði í gær, en skeið aftur



OLÍUFRAMLEIÐSLA Verð á olíu fer stöðugt hækkandi. Goldman Sachs telur að verðið geti farið upp í 200 Bandaríkjadali á tunnu.

tunnu að fara upp í 150 til 200 dali á tunnu.

- ikh

niður fyrir það mark.

Bloomberg segir að róstur í Nígíeríu og almenn eftirspurn eftir olíu ýti upp verðinu.

Goldman Sachs segir í nýrri skýrslu að detti framboðið niður kynni verð á


**OPUS**allt



Ópusallt viðskiptahugbúnaðurinn er í notkun hjá stærri heildsölum og matvæla- og iðnfyrirtækum sem vinna með mikinn fjölda vörunúmera, mikla vöruveltu og þurfa öflugan en einfaldan vörustjórnun. Ópusallt er eina viðskiptalausnin sem byggir að öllu leyti á hinu útbreidda .NET umhverfi Microsoft.

[www.opusallt.is/kynning](http://www.opusallt.is/kynning)

## Ópusallt er hagkvæmt



Meiri tími ...

### Fjarfundalausnir Nýherja veita þér aukinn tíma

Með fjarfundalausnum Nýherja spara fyrirtæki drjúgan tíma og geta dregið verulega úr ferðakostnaði jafnframt því sem skilvirkni eykst og minni tími fer í ákvarðanatöku. Fjarfundalausnir greiða auk þess fyrir nánnum samskiptum og árangursríkri samvinnu. Með fjarfundalausnum Nýherja verða samskipti við samstarfsaðila, birgja og viðskiptavinum markvissari og hagkvæmari en nokkru sinni fyrr.

„LSH og Nýherji hafa starfað náið saman að uppbyggingu fjarfundalausna spítalans í fjölda ára. Núverandi fjarfundalausn hefur tryggt starfsmönnum LSH og heilsugæslustöðva á landsbyggðinni auðveldan og hagkvæman aðgang að fyrirlesturum og námskeiðum í heilbrigðisfræðum með rauntímaaðgangi.“

*Porgeir Pálsson, sviðsstjóri Heilbrigðistæknisviðs Landspítala – háskólasjúkrahúss.*

Hafðu samband við ráðgjafa Nýherja í síma 569 7700 eða með því að senda tölvupóst á netfangið [lausnir@nyherji.is](mailto:lausnir@nyherji.is).

Hlutverk Nýherja er að skapa viðskiptavinum sínum virðisauka með þekkingu starfsmanna á upplýsingatækni, rekstri fyrirtækja og þörfum viðskiptavina. Nýherji býður fyrsta flokks ráðgjöf og fagþjónustu á sviði upplýsingatækni og vandaðan hugbúnað, tölvu- og skrifstofubúnað ásamt traustri tækni- og rekstrarþjónustu. Hjá Nýherjasamtæðunni eru 740 starfsmenn sem starfa hjá yfir 20 fyrirtækjum samtæðunnar í fjórum löndum.

# Hrávaran kyndir verðbólguþalið

Verðbólga nú er skólabókardæmi um kostnaðardrífna verðhækkunir á samdráttartímum, en ekki hækkun vegna eftirspurnar. Seðlabankar bregðast við þessum aðstæðum með ólíkum hætti. Í Bandaríkjunum eru vextir lækkaðir þrátt fyrir verðhækkunir, en í Evrópu hafa vextir fremur verið hækkaðir. Óli Kristján Ármannsson kynnti sér þróun á hrávörumörkuðum heimsins og áhrif hér innan lands.

**H**rávara hefur hækkað um 60 til 100 prósent milli ára. Tíðindin eru váleg fyrir framleiðslufyrirtæki af ýmsum toga, sem standa frammi fyrir því að velta að minnsta kosti hluta af þeim hækkunum út í verðlag. Ekki eru tíðindin betri fyrir almenning, sem horfir upp á vöruverð hækka í kjölfar aukins rekstrar-kostnaðar. Hér á landi eru tíðindin kannski sérlega slæm því ofan á verðhækkunir bætist stýrivaxtarefsivöndur Seðlabankans, sem beitt er óspart í von um að slá á væntingar um enn aukna verðbólgu.

Matvælaíðnaður hefur ekki farið varhluta af hækkunum á ræktuðu hráefni hvers konar. Sér í lagi hefur verð á margvíslegu kornmeti rakið upp. Ein afleiðingin er að verð á fódri til bænda hækka og rekstrarkostnaður búa þeirra þar með. Þar skilar svo hækkunin sér út í afurðaverð. Þá hefur verð á hveiti og sykri hækkað mjög og bætist þar ofan á kostnaðarauka vegna gengisfalls krónunnar hjá fyrirtækjum sem þann varning nota.

## ALLT LEGGST Á EITT VIÐ HÆKKUN MATVÆLAVERÐSINS

Nýjar tölur sem Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn hefur tekið saman sýna að í mars á þessu ári hafði hveiti á heimsmarkaði hækkað um tæplega 121 prósent á tólf mánuðum, hrísgrjón um tæp 78 prósent og maís um tæp 38 prósent. Lífrænar olíur af ýmsum toga hafa að jafnaði hækkað um tæp 74 prósent.


Þarna spilar inn í hækkun á verði olíu því hún hefur rekið á eftir framleiðslu eldsneytis úr kornolíu. Aukin eftirspurn eftir korni til þeirrar framleiðslu hefur svo aftur ýtt upp verðinu.

Skiptar skoðanir eru um hversu ráðlegt sé að leggja þetta mikla áherslu á lífrænt eldsneyti, en vestanhafs hefur verið þrýst sérstaklega á að sú leið verði farin. Þannig er til meðferðar hjá Kanadíska þinginu frumvarp til laga þar sem kveðið er á um lágmarkshlutfall lífræns eldsneytis sem nota skuli í bensín og dísilolíu. Þá er í Bandaríkjunum lögð mikil áhersla á framleiðslu etanóls úr maís og stefnt á að sjáfalda þá framleiðslu til ársins 2017.

Bjarni Már Gylfason, hagfræðingur Samtaka iðnaðarins (SI), telur markmið Bandaríkjamanna í etanólframleiðslu augljóslega misráðin. „Eigi þetta markmið þeirra að nást þarf öll núverandi uppskera af maís að fara í etanólframleiðslu,“ segir hann og bendir á að í Evrópu hafi meira verið lagt upp úr framleiðslu á lífrænni dísilolíu, en til þeirrar framleiðslu þarf korn. „Raunar hefur Evrópusambandið veitt bændum sem framleiða korn til þessarar framleiðslu styrki. Þannig myndast hvati til að framleiða ekki fyrir matvælaíðnað og markaðurinn bjagast. Allt leggst



**BRAUÐMETI Í FRAMLEIÐSLU** Matarverð hefur hækkað mjög í heiminum, en þar býr að baki aukinn framleiðslukostnaður vegna hækkananna á margvíslegri hrávöru.



þetta á eitt við að hækka matvæla-verð,“ segir hann og bætir við að nýverið hafi forvígismenn Evrópusambandsins viðurkennt að endurskoða þyrfti stefnuna enda ljóst að afleiðingarnar væru alvarlegar.

## SKÓLABÓKARDÆMI UM KOSTNAÐARVERÐBÓLGU

Bjarni Már segir þær aðstæður sem uppi eru núna skólabókardæmi um kostnaðardrífna verðbólgu á samdráttartímum, sem á ensku er nefnd *stagflation*. „Allt hrá-

efnaverð hækka, sem hefur þau áhrif að þarna eru verðhækkunir sem koma samhliða stöðnun í efnahagslífinu. Þetta er illvíg verðbólga og ekki almenn samstaða um hvernig bregðast skuli við henni,“ segir Bjarni og bendir á að í Bandaríkjunum hafi stýrivextir til að mynda verið lækkaðir þrátt fyrir mikinn þrýsting á verðlag vegna hækkananna bæði olíu og matvöru. „Í Evrópu hafa seðlabankar tekið hinn pólinn í hæðina,“ segir hann og telur alveg ljóst að aðgerðir Seðlabankans hér fái í

engu breytt þessum hækkunum. „Meira að segja Seðlabanki Bandaríkjanna telur sig engu geta breytt.“ Bjarni bætir þó um leið við að einnig sé að því að huga hvort stýrivextir hér séu nú fyrst farnir að bita þegar aðgengi að erlendu fjármagni er takmarkað vegna lausafjákræppunnar.

Bjarni bendir á að miklar hækkunir á ýmsum matvælum á heimsmarkaði hafi ekki skilað sér nema að litlu leyti til neytenda hér og segir ljóst að matvælaframleiðendur hér hafi frestað því í lengstu lög að velta hækkunum út í verðlagið. „Í janúar á þessu ári hafði verð á matvöru í landinu lækkað um 3,5 prósent frá fyrra ári og verð á brauði og kornvöru um 1,4 prósent. Þetta gerist þrátt fyrir að heimsmarkaðsverð á hveiti hafi hækkað um 91 prósent síðustu tólf mánuði,“ segir hann. Ljóst er þó að áhrif aukins framleiðslukostnaðar eru að koma fram í landbúnaðarvörum hér, en um mánaðamótin mars-apríl tók til að mynda gildi verðhækkun mjólkurafurða um 14,6 prósent. Mjólkurlítrinn hækkaði þá úr um 87 krónum í nálægt hundrað krónur í verslunum.

**VILJA EKKI HVEKKJA VIÐSKIPTAVINI UM OF** Hafliði Ragnarsson, framleiðslustjóri hjá Mosfellsbakarí, segir hækkunir hjá bakaríum sumpart komnar fram. „Hveiti hefur hækkað gríðarlega, um allt að 100 prósent á smátíma. Svo dýnja á okkur hækkunir frá heilidsölum, aðallega út af gengismálum,“ segir hann og kveður mikinn línudans að stýra verðlagningu í árferði sem þessu. Bakarar vilji eðlilega ekki hvekkja viðskiptavinum sína um of. „Við höfum þannig fremur reynt að halda aftur af okkur með hækkunir,“ segir hann og kveðst vonast til þess að svigrúm verði til að lækka verð aftur þegar gengi krónunnar styrkist. „Annars óttast maður að það sama gerist og árið 2006 þegar krónan veiktist, því þá skiluðu sér ekki lækkanir með styrkingu hennar.“

Bjarni Már segir svo á móti koma að ef til vill sé nú kominn tími á ákveðna leiðréttingu matvæla-verðs, sem síðasta aldarfjórðung hafi verið lágt í sögulegu samhengi. „Markaðir hafa einkennst af offramboði matvæla í hinum vestræna heimi, verð til framleiðenda hefur farið lækkað á meðan búverndarstefnu hefur verið viðhaldið víða. En aðstæður í heiminum hafa breyst ört á fáeinum árum og efnahagslegur uppgangur stórra landa, svo sem Kína, Indlands og Brasilíu, hefur mikil áhrif á markaðinn. Eftir því sem velmegun eykst í slíkum löndum eykst krafa um betri matvæli og neysla á kjöti, brauði og mjólkurvörum eykst hratt.“ Afleiðingu þessa segir Bjarni vera stóruauna eftirspurn og hækkað verð. „Fátt bendir til annars en að þessi þróun haldi áfram.“



„Auðvelt að brúa bilið“

„Það er frábær þjónusta hjá Lýsingu að bjóða sveigjanleika í afborgunum. Það kemur sér mjög vel á meðan ég er í fæðingarorlofi að geta greitt minna en venjulega. Þegar maður er með eigin rekstur er ómetanlegt að fá þjónustu sem er sniðin að þörfum hvers og eins.“

Tinna Kristín Snæland,  
tannlæknir

Lýsing hefur byggt upp orðspor sem traust fyrirtæki með afburða starfsfólk og persónulega þjónustu. Síðastliðin 20 ár hefur Lýsing stutt við bakið á fjölda fyrirtækja víðsvegar um landið og býður upp á fjölbreytta möguleika í fjármögnun sem er sérsniðin að þörfum hvers og eins.

Lýsing - fjármögnun í takt við þínar þarfir

**LÝSING**

LÝSING.IS // 540 1500

# DAUÐASYNDIRNAR

GUÐDÓMLEGUR GLEÐILEIKUR

LAUSLEGA BYGGT Á VERKI DANTE ALIGHIERI



**Leikarar**

Bergur Þór Ingólfsson  
Halla Margrét Jóhannesdóttir  
Halldóra Geirharðsdóttir  
Harpa Arnardóttir

**Leikstjórn**

**Leikmynd**

**Búningar**

**Ljós**

**Hljóðmynd**

**Tónlistarstjóri**

**Sviðshreyfingar**

**Aðstoðarleikstjórn**

Rafael Bianciotto  
Helga I. Stefánsdóttir/Rafael Bianciotto  
Helga I. Stefánsdóttir  
Halldór Örn Óskarsson  
Ólafur Örn Thoróddsen  
Kristjana Stefánsdóttir  
Ariane Anthony  
Sólveig Guðmundsdóttir

**„Þú sem stígur hérna inn,  
yfirgef alla von“**

Trúðaleikur fyrir fullorðna sem enginn  
leikhúsunnandi getur látið fram hjá sér fara.

**Miðasala hafin. Frumsýnt 8. maí.**

Miðasala í síma 568 8000 - [www.borgarleikhus.is](http://www.borgarleikhus.is)

**BORGARLEIKHÚSIÐ**

# New Icelandair:

## Risavaxin fjárfesting sem hugsuð er til

Þessa dagana er ráðist í umfangsmikla endurskipulagningu og uppstokkun á ímynd og útliti Icelandair. Kostnaður við orðum króna. Ekki hætt við þrátt fyrir erfitt árferði. Nýir markaðir að opnast, nú síðast með beinu flugi til Toronto. Vestur um haf, fjallar um breytingarnar og ræðir við stjórnendur félagsins sem hefur verið mikið í fréttum vegna breytinga

**F**yrsta flug Icelandair til Toronto, stærstu borgar Kanada, síðastliðinn föstudag markaði ákveðin tímamót hjá félaginu og er liður í áherslubreytingum á flugi vestur um haf, en sem kunnugt er er stutt síðan félagið lagði af flug til Baltimore.

Toronto er langstærsta borg Kanada og helsta samgöngumiðstöð landsins. Í kjölfar loftferðasamnings milli Íslands og Kanada er nú auðveldara en áður fyrir íslensk flugfélög að bjóða upp á flug til borga í Kanada, boðið var upp á flug til Halifax á nýjan leik í fyrra og nú standa vonir forsvarsmanna Icelandair til þess að Toronto muni njóta mikilla vinsælda.



### Breytingin í hnotskurn

Icelandair skilgreinir sig sem íslenskt flugfélag sem starfar á alþjóðlegum mörkuðum. Undir merkjum New Icelandair er áherslan lögð á það sem Ísland stendur fyrir. Með markaðsrannsóknunum og þátttöku starfsfólks í undirbúningsvinnu hafa verið þróuð ákveðin gildi (e. Inspiring, Creative og Refreshing) sem eru þau gildi sem höfð verða að leiðarljósi við þróun á þjónustu félagsins, sölustarfsemi og markaðssetningu.

Afrakstur þessarar vinnu er langur listi af hugmyndum sem hrint verður í framkvæmd á næstu mánuðum og misserum. Þessar hugmyndir spanna allt frá þróun á vefsvæðum og viðskiptamannagagnagrunnum félagsins, yfir á þjónustu á flugvöllum, um borð í vélum félagsins og að fluginu loknu.

Þær hugmyndir sem fyrst verða kynntar eru:

- Ný sæti og afþreyingarkerfi þar sem lögð er áhersla á upplifun af Íslandi, t.d. með íslensku efni, íslenskukennslu og upplýsingum um land og þjóð.
- Nýir búningar á áhafnir sem eru hannaðir af Steinunni Sigurðardóttur og hafa sterka íslenska skírskotun.
- Frumsamin tónlist sem inniheldur íslenska náttúrustemningu, t.d. fuglasöng. Höfundar hennar og flytjendur eru Einar Örn, Curver, Skúli Sverrisson og Finnþogi Pétursson.
- Nýtt nafnapema fyrir flugflotann – en hann verður nefndur eftir íslenskum eldfjöllum.

félögin. Við sækjumst fremur eftir þeim sem kann að meta þjónustuna og er tilbúinn að borga fyrir hana," bætir Gunnar Már við.

#### FJÁRFESTING SEM BORGAR SIG

Björgólfur Jóhannsson, forstjóri Icelandair, segir að vitaskuld sé um mikla fjárfestingu að ræða og hún komi ekki á besta tíma, nú þegar einhver tegund af heimskreppu ríði yfir og oliuverð sé í hæstu hæðum.

„Við verðum hins vegar að horfa til lengri tíma, því auðvitað fer afleiðlega saman að horfa á slíka fjárfestingu upp á seinni partinn í þrjá millj-

arða í slíku árferði og gæti virst sem óðs manns æði. Til lengri tíma er hins vegar ljóst að kominn var tími á viðhald flugvéla að innan og við töldum um leið þörf á að poppa aðeins upp félagið og ímynd þess," segir Björgólfur, sem tók nýlega við stóli forstjóra af Jóni Karli Ólafssyni eftir að hafa verið forstjóri Icelandic Group og einnig formaður Landssambands íslenskra útvegsmanna.

Björgólfur bendir jafnframt á að ekki megi gleyma því að aðalatriðið sé að auka tekjur í rekstri félagsins og samkeppnin sé hörð. Undir þetta tekur Gunnar Már og bendir á að enn þurfi að auglýsa og halda uppi öflugu markaðsstarfi í fjölmörgum löndum.

„Þegar krónan veikist verður álitlegra fyrir útlendinga að sækja Ísland heim. Þegar einn markaður fær á sig högg getur rofað til á öðru svæði. Icelandair hefur aðeins um þrjátíu prósent af sínum tekjum frá Íslandi. Allt annað kemur að utan og við finnum engar meiriháttar breytingar enn, þótt eflaust sé farið að kreppla að víða," segir hann.

#### FLEIRI VERÐA AÐ KOMA AÐ KYNNINGU Á ÍSLANDI Í ÚTLÖNDUM

Icelandair ver um einum milljarði króna á ári hverju til auglýsinga og markaðsstarfs um allan heim. Um árabíl hefur þungamiðjan í því kynningarstarfi falist í hreinni og beinni markaðsset-



GUNNAR MÁR SIGURFINNSSON

ingu á Íslandi sem ferðamannastað. Á aðalfundi fyrirtækisins nýlega, lýsti Gunnlaugur M. Sigmundsson, stjórnarformaður félagsins, því yfir að ekki væri hægt að ætlast til þess að fyrirtækið legði eitt og sér svo mikið af mörkum til landkynningarinnar, fleiri þyrftu þar að koma að.

„Við munum áfram leggja áherslu á að kynna landið og þjóðina í okkar markaðsstarfi," segir Gunnar Már. „En ég held að í þessum efnum séu margir hér innanlands orðnir of góðu vanir. Við megum ekki gleyma því að áratugum saman hefur þetta fyrirtæki, með fullri virðingu fyrir öllum öðrum, verið langstærsti

aðilinn í markaðssetningu á Íslandi erlendis. Ég held að menn verði að gæta sín á því að sofna ekki á verðinum, því ferðamennskan er mest vaxandi starfsgreinin á Íslandi og felur í sér geysileg tækifæri til framtíðar. En það kostar mikla peninga að kynna land og þjóð erlendis, því öll önnur lönd eru einnig að höfða til ferðamanna og bjóða upp á spennandi möguleika. Það er ekki hægt að ætlast til þess að einkafyrirtæki beri þær byrðar að mestu leyti, en aðrir njóti fyrst og síðast góðs af. Við munum fyrst og fremst horfa til hagsmuna félagsins í þessum efnum til framtíðar og taka auðvitað þátt í að markaðssetja Ísland, en við ætlumst um leið til þess að aðrir komi með myndarlegri hætti að því borði."

## Væri mjög hollt að hafa félagið áfram í eigu Íslendinga

Björgólfur Jóhannsson, forstjóri Icelandair Group

Björgólfur Jóhannsson, sem tók nýlega við starfi forstjóra Icelandair Group, segir að vissulega hafi umræða um eignarhald félagsins ávallt áhrif á starfsemi þess, en nýlega kom fram í fréttum að stórir hluthafar í Icelandair, undir forystu Finns Ingólfssonar í eignarhaldsfélaginu Langflugi, væru að leita að kaupendum fyrir bréf sín og hefðu meðal annars átt viðræður við SAS í því sambandi.

Björgólfur telur erfiða rekstrarstöðu SAS ekki benda til þess að raunhæft sé að telja það líklegan kaupanda að Icelandair. „Það er að mínu mati ekki gott að slík óvissa sé uppi, en þetta fylgir því að vera með félag skráð á markaði. Þá er hlutverk okkar stjórnenda að haga málum með þeim hætti að reksturinn gangi eins vel og unnt er og minnka þannig líkur á einhverjum meiriháttar breytingum," segir Björgólfur enn fremur og bætir við að ef rétt sé að stórir hluthafar í félaginu vilji selja sinn hlut voni hann auðvitað að í staðinn komi traustir aðilar sem horfi til lengri tíma.

Hvað varðar möguleg kaup erlendra aðila á félaginu segir Björgólfur það sína skoðun að mjög hollt væri ef unnt væri að hafa Icelandair áfram í eigu Íslendinga, að minnsta kosti sjálfan flugreksturinn, enda skipti hann sköpum fyrir samgöngur til og frá landinu.

„Ég vil þess vegna skora á okkar sterku lífeyrisgjóði að koma að rekstri þessa félags og tryggja þannig að það verði áfram í eigu landsmanna," bætir hann við.

#### DULIÐ EIGIÐ FÉ Í DREAMLINER

Fyrir nokkrum vikum ákvað Icelandair að hætta við fyrirhuguð kaup og leigu á fjórum Airbus-fraktflugvélum frá fyrirtækinu Avion Aircraft Trading og bar meðal annars því við að þetta væri gert til að draga úr áhættu í rekstri fyrirtækisins. Björgólfur viðurkennir að hann hafi talið nauðsynlegt að hætta við umrædd kaup í ljósi gjörbreyttra aðstæðna á markaði og þrengingar á lánamörkuðum.

„Við áttum möguleika á að hætta við og það var eina vitið fyrir okkur. Sjálfsgagt hefði félagið



BJÖRGÓLFUR JÓHANSSON

getað klofið þennan stóra samning, en ég taldi enga skynsemi fölgna í því að binda stórar upphæðir í staðfestingargjöld þremur árum áður en nokkrar tekjur færu að koma á móti."

Forstjórinn segir á hinn bóginn að annar stór flugvélasamningur hafi reynst félaginu dýrmætur. Þá er hann að vísa til fyrirframpantana Icelandair á nýrri framtíðarþotu Boeing-flugvélaframleiðandans, Dreamliner. „Félagið tók mikla áhættu á sínum tíma með því að panta slíkar þotur áður en nokkur vissi hver reynslan yrði af þeim eða aðstæður í flugrekstri. Nú er hins vegar ljóst að mikil eftirspurn er eftir þessum vélum og þá er valréttur okkar orðinn mikils virði. Ég tel ljóst að fyrstu vélar okkar, sem áttu að koma 2010 en tefjast líklega í afhendingu til 2012, fara ekki í notkun hjá okkur, heldur í framleigu annars staðar. Það getur gefið mjög vel af sér. Hvað seinni vélarnar varðar er of snemma að segja til um nú, en þó er ljóst að það var rétt ákvörðun að kaupa vélarnar á sínum tíma."

En hvernig finnst forstjóranum nýja að skipta úr slorinu í flugið?

„Það er mjög skemmtilegt, en einnig mikil viðbrigði. Þetta er ekki eins rekstur. Nú þegar þarf að horfa í hverja krónu er kannski ágætur tími til að stimpla sig inn. Í þeim efnum getur verið gott að horfa til sjávarútvegsins, þar eru menn vanir miklum sveiflum og þekkja mikilvægi þess að fara ekki á taugum yfir því."



# il lengri tíma

Þó breytingarnar er nálægt þremur millj-  
Björn Ingi Hrafnsson fór með fyrsta fluginu  
ytinga á eignarhaldi að undanfögnu.



FRÁ MÓTTÖKUATHÖFN eftir fyrsta flugið frá Keflavík til Toronto í Kanada sl. föstudag. Utanríkisráðherra var heiðursgestur í flugferðinni og er hér ásamt stjórnendum Icelandair og áhöfninni við komuna.



SÆTIN heita eftir frægum sögupersónum úr Íslandssögunni.



## Flugið verður að vera arðbært

Gunnlaugur M. Sigmundsson, stjórnarformaður Icelandair

Það hefur ekki verið stefna stærstu eigenda í Icelandair Group að selja frá sér stóran eignarhlut í fyrirtækinu. Stefna Máttar ehf. og Nausts ehf., sem eru þau félög sem ég sit fyrir í stjórn Icelandair Group og fara með hátt í fjörutíu prósentu eignarhlut í félaginu, er óbreytt hvað þetta varðar, við erum ekki að leita að kaupanda að okkar hlut," segir Gunnlaugur M. Sigmundsson, fyrrverandi alþingismaður og forstjóri Kögunar, sem nú hefur tekið við sem stjórnarformaður Icelandair.

Eigendur að Fjárfestingarfélaginu Mætti ehf. eru annars vegar Milestone og hins vegar félögin Hrómundur og Hafsilfur sem eru í eigu bræðranna Einars og Benedikts Sveinssona, auk þess sem Gunnlaugur á sjálfur lítinn hlut í félaginu. Naust er til helminga í eigu Máttar og BNT (eiganda N1), en Máttur á um þrjátíu prósentu hlut í BNT og bræðurnir eiga jafnframt að auki um helmingshlut í því félagi, svo unnt er að halda því fram að þessir hlutir í Icelandair séu mjög tengdir.

„Nýverið var í fréttum að aðrir stórir hluthafar væru að bjóða hlutabréf sín til sölu erlendis, en mér vitanlega er sú frétt ekki rétt. Hitt er svo annað mál að

það væri hagur að því fyrir alla að fá fleiri öfluga fjárfesta að félaginu, til dæmis lífeyrissjóði," bætir Gunnlaugur við og bendir á að miðað við gengi félagsins á markaði núna ættu kaup á hlutafé í félaginu að vera góður fjárfestingarkostur.

Stjórnarformaðurinn segist ekki treysta sér til að dæma um hve líklegt það sé að erlendir aðilar eignist umtalsverðan hlut í Icelandair eða allt hlutafé félagsins á næstu árum. „Fyrir liggur að stór erlendir aðili lýsti áhuga á því síðastliðinn vetur að kaupa félagið allt en hluthafar sem réðu yfir því magni atkvæða sem sóst var eftir sáu sér þá ekki hag í að selja sín hlutabréf. Sú afstaða er óbreytt, að minnsta kosti hvað varðar þá hluthafa sem ég fer með umboð fyrir. Á hitt ber þó jafnframt að líta að hlutabréf í fyrirtæki sem skráð er á markað ganga kaupum og sölum og ómögulegt er að segja fyrir um hvornig einstakir hluthafar bregðast við í framtíðinni ef hagstæð kauptilboð berast," segir hann, en samkvæmt heimildum Markaðarins er þar vísað til áhuga forsvarsmanna SAS á aðkomu að rekstri Icelandair fyrir um ári síðan.

Gunnlaugur segir að stjórn Icelandair hafi á bak við sig

mjög sterkan eignarhlut í félaginu og í hugum stjórnarmanna ríki engin óvissa um eignarhald félagsins. „Eigendahópar þeir sem standa að vali á einstökum stjórnarmönnum eru óháðir hver öðrum en samt sem áður hefur reynslan verið sú að stjórn félagsins er afar samstíga í verkum sínum, svo samstíga að ég hygg að fátítt sé með stjórnir félaga með jafn ólíkan eigendabakgrunn. Ég sé því engin vandamál tengd eigendahópi félagsins né að eignarhald félagsins sé að veikja það í samkeppni við önnur félög. Það sem mest veikir félagið bæði í samkeppni og á markaði er ef einstakir starfshópar innan félagsins hóta að trufla starfsemi þess, eins og því miður hefur gerst á liðnum vetri. Slíkar upptakomur valda usla meðal viðskiptavina félagsins og vantrú markaðarins á félaginu. Hótanir um rekstrarstöðvun eða rekstrartruflanir geta valdið skaða í markaðssetningu félagsins sem mörg ár tekur að lagfæra," bætir hann við.

Gunnlaugur segir að í sjálfu sér hafi ekki margt komið sér á óvart í rekstri Icelandair. „Mér hefur hins vegar komið mjög á óvart hversu margir hafa skoðun á fyrirtækinu og eru ósparir á að láta mann heyra þá skoðun.



GUNNLAUGUR M. SIGMUNDSSON

Það er ljóst að Icelandair skipar stóran sess í þjóðarsálinni og þjóðin gerir miklar kröfur til þess að félagið haldi áfram að þjóna samgöngumálum þjóðarinnar jafn myndarlega og gert hefur verið áratugum saman. Sú mikla ferðatíðni sem Íslendingar eiga vól á frá Íslandi til Evrópu og Bandaríkjanna er langt í frá sjálfgefin fyrir svona lítinn markað eins og Ísland er. Áframhald þeirrar miklu þjónustu sem Icelandair er að veita Íslendingum byggist á því að áfram verði hægt að halda uppi arðbæru flugi milli Evrópu og Bandaríkjanna með viðkomu á Íslandi. Ef sá flugrekstur hættir að vera arðbær er sjálfgefið að ekki verður haldið út lengi;

til þess hefur félagið enga burði, né er vilji til þess meðal hluthafa að standa í rekstri sem ekki skilar viðunandi afkomu. Oft virðist gleymast að á leiðinni yfir Atlantshafið á Icelandair í harðri samkeppni við risastór erlend flugfélög og Icelandair á ekki möguleika í þeirri samkeppni nema geta boðið samkeppnishæft verð og góða og örugga þjónustu. Eldsneytiskostnaður er nú í hæstu hæðum og stærra hlutfall af tekjum félagsins en verið hefur áður. Við slíkar aðstæður er róðurinn þungur og því þurfa allir sem vilja hag félagsins sem mestan að leggjast á árarann saman ef við eigum að geta haldið úti jafn öflugri starfsemi og verið hefur.“

# MARKAÐURINN

Sögurnar... tölurnar... fólkíð...

Tekjur minnka og gjaldþrot aukast á næstu mánuðum.

## Spennum beltin

Björgvin Guðmundsson

Gamli prófessorinn frá Chicago-háskólanum, þar sem frjálslyndustu hagfræðingar Bandaríkjanna eins og Milton Friedman og fleiri höfðu sterk ítök upp úr miðri síðustu öld, dró upp vægast sagt dökka mynd af efnahagsástandinu hér á landi í fyrirlestri í Háskóla Íslands á mánudaginn. Af fréttafloftningu að dæma var áheyrendum brugðið að heyra svartsýnisþáttina og er fólk nú orðið ýmsu vant.

Robert Aliber, sem er prófessor í alþjóðahagfræði og fjármálum, sagði að næstu tvö árin myndu reyna virkilega á efnahagslífið. Vissulega væri staðan nú hluti af hnattrænu vandamáli. Það breytti því ekki að stærstu bankarnir ættu í alvarlegum vandræðum. Þeir þyrftu að renna saman og jafnvel skipta þeim í tvennt; annar hlutinn myndi sinna hefðbundinni viðskiptabankastarfsemi og hinn hlutinn fjárfestingarbankahlutann.

Hann nefndi það sem enginn bankamaður vill heyra. Líkur væru á að áhlaup yrði gert á íslensku bankana því enginn myndi vilja lána þeim í útlöndum. Einnig væru í söfnum þeirra heimatilbúin undirmálslán til húsnæðisakaupa sem búast mætti við að fólk gæti ekki staðið í skilum á. Óhjákvæmilegt væri að einstaklingar yrðu gjaldþrota við þessar aðstæður og misstu um leið húsnæði sitt og fararkost. Það væri því ráð fyrir Íslendinga að spenna beltin því hörð lending efnahagslífsins væri fram undan.

Án þess að draga úr mikilvægi aðvarana prófessor Alibers eru meiri líkur en minni að hann hafi viljað hrista svölitið hressilega upp í þeim sem á hlýddu. Það er jafnvel hægt að halda því fram að óábyrgt sé að tala með þessum hætti þar sem traust á fjármálastofnunum er eitt mikilvægasta atriðið í rekstri þeirra.

Hins vegar er enginn að reyna að draga fjöður yfir það að rekstur fjármálafyrirtækja er þungur um þessar mundir. Samt er fátt sem bendir til þess að reksturinn verði eitthvað auðveldari ef menn fara að sameina stóru bankanna í einhverri örvæntingu. Staðan er erfið en stjórnendur bankanna eru að stíga hænuskrefin í átt að tryggari rekstrargrundvelli. Það verða vissulega sársaukafull skref fyrir marga. Kaupþing tekur við SPRON og Glitnir við Byr.

Kaupþing hefur ríðið á vaðið og boðað mikinn niðurskurð í kostnaði á síðasta og þessum ársfjórðungi. Það er eðlilegt þegar þóknatekjur bankans dragast gríðarlega mikið saman milli ársfjórðunga. Erfiðari markaðsaðstæður gerðu það að verkum að bankinn tapaði nærri tíu milljörðum á hlutabréfum, afskrifaði tæpa þrettán milljarða vegna láns til eigenda NIBC, tapaði tæpum sjö milljörðum á lánaafleiðum og gerir ráð fyrir að tapa fjórum milljörðum af útlánasafni sínu. Virðisryrnun útlána á fyrsta ársfjórðungi þessa árs er tvöfalt meiri en á síðasta ársfjórðungi 2007.

Þessi þróun mun vafalaust halda áfram í íslenska bankakerfinu og mikilvægt að bankarnir upplýsi markaðinn um stöðu sína. Það hefur Kaupþing gert skilmerkilega og birti Landsbankinn sitt uppgjör síðdegis í gær og Glitnir í dag. Erlend matsfyrirtæki hafa einmitt varað við því í greiningum sínum á íslensku bönkunum að gæði útlánasafna þeirra hafi minnkað nokkuð í núverandi umhverfi. Niðurstaðan hefur því verið verri lánshæfiseinkunn vegna aukinnar lánaáhættu og minnkandi möguleika á tekjuöflun.

Þetta gerist vegna þess að bankarnir starfa ekki í tómarúmi. Viðskiptavinir þeirra eiga í erfiðleikum og geta ekki staðið við skuldbindingar sínar og öll fjármögnun er dýr og erfið. Allt hefur þetta keðjuverkandi áhrif sem við munum verða vitni að næstu mánuðina.

Chicago-hagfræðingurinn hafði því að minnsta kosti rétt fyrir sér að einu leyti. Það er rétt að spenna beltin.

bjorgvin@markadurinn.is | bjorn.ingi@markadurinn.is | holmfridur@markadurinn.is | ingimar@markadurinn.is | jonab@markadurinn.is | olikr@markadurinn.is | sindri@markadurinn.is

Rekstrarverkfræðistofan  
**Annar hf**  
Suðurlandsbr. 46 • Sími 568 1020 • Annar.is

Ársreikningar  
Bókhald  
Skattframtöl

## Skráning hlutafjár í evrur

Þann 2. júní 2008, kl. 9:00 árdegis, verða hlutabréf í Ramma hf., kt. 681271-1559, Gránugötu 1-3, 580 Fjallabyggð, skráð í evrum hjá Verðbréfaskráningu Íslands. Hlutabréf félagsins hafa verið og eru skráð í íslenskum krónum hjá Verðbréfaskráningu Íslands.

Stjórn félagsins hefur fengið heimild Ársreikningaskrár til að færa bókhald sitt og semja ársreikning í evrum frá og með 1. janúar 2008 og getur því sbr. 4. mgr. 1. gr. laga nr. 2/1995, um hlutafélög, ákvarðað hlutafé sitt í evrum. Aðalfundur félagsins, sem haldinn var þann 14. mars 2008, veitti stjórn félagsins heimild til að skrá hlutafé félagsins í evrum og var ákvörðun um slíkt tekin á stjórnarfundi sem haldinn var þann 14. mars 2008.

Hlutafé félagsins er kr. 425.000.000 að nafnvirði, allt í einum flokki, en mun við skráningu í evrum verða EUR 4.660.088 og er við umreikninginn gætt ákvæða laga um ársreikninga, sbr. ákvæði í 5. mgr. 1. gr. laga nr. 2/1995, um hlutafélög og miðað við miðgengi evru gagnvart krónu eins og það var skráð af Seðlabanka Íslands í lok dags 31. desember 2007.

Nánari upplýsingar veitir umsjónarmaður hlutaskrár félagsins, Unnar Már Pétursson, Gránugötu 1-3, 580 Fjallabyggð. Fyrirspurnum má einnig beina á netfangið unnar@rammi.is

Stjórn:  
Ramma hf.  
kt. 681271-1559  
Gránugötu 1-3  
580 Fjallabyggð

# Kóngur vill sigla, byr mun ráða

ORD Í BELG

Hafliði Helgason  
blaðamaður og  
ráðgjafi.



Kreppur eða samdráttarskeið eru nauðsynlegur þáttur í framþróun efnahagslífsins. Í uppsveiflum, þegar allt er í blóma, hafa hlutirnir tilhneigingu til að fara úr böndunum. Þá fer að þrífast alls konar rugl og óhóf sem samdráttarskeiðin útrýma. Þannig falla illa rekin framkvæmdafyrirtæki með rassvasabókhald. Sérveruverslanir sem sérhæfa sig í gullklósettum eða einhverju álíka fara á hausinn.

Nú eru sum sé slíkir tímar og bölsýnismenn eru hvattir til þess að njóta þess að geta brosað breitt um stund í fullvissu þess að sem betur fer fari allt á endanum til andskotans. Við sem erum að eðlisfari bjartsýnir verðum að biða þetta af okkur og rifja upp með sjálfum okkur að hörð lending í efnahagslífinu sem nú er ekki lengur líkleg, heldur staðreynd, er hvorki sú fyrsta né hin síðasta sem skolið hefur yfir. Öll el birtir upp um síðir.

Það er skollinn á tími púppunnar, þegar leiðin til að lifa af veturinn er að skreppa saman og vefja sig varnarþráðum til að biða efnahagslegrar vorkomu. Þeir sem lifa af þennan vetur verða litskrúðug fiðrildi næstu uppsveiflu. Og menn eru farnir að taka til hendinni.

Það sem verið hefur að gerast að undanförunu kemur lítið á óvart. FL Group er á leið úr Kauphöllinni eftir sneypuför og ekki líklegt að Baugur komi í bráð með félag til skráningar þar eftir það sem á undan er gengið. Það er ekki þar með sagt að menn sitji auðum höndum og láti verðmæti fara í súginn. Fókusinn verður á TM og Glitni... og svo náttúrlega Byr. Kóngur vill sigla. Byr mun ráða.

Það sem einkenndi viðskiptalífið í uppsveiflunni mun einkenna það áfram. Það eru talsvert skapandi kraftar og áræði meðal fjárfestanna og jafnvel þótt sumir séu nánast gjaldþrota leita þeir sem eftir standa allra leiða til að endurskipuleggja eignir sínar. Þannig er unnið að því hörðum höndum að klára að gera Byr að hlutafélagi og þá væntanlega til að koma sparissjóðnum inn í Glitni. Yfirtaka Kaupþings á Spron er þegar hafin og ekki langt að biða þess að Byr fari inn í Glitni. Stóru bankarnir sameinast ekki meðan ástand lánsfjármarkaða er jafn slæmt og raun ber vitni.

Sterkur orðrómur er á kreiki um að hugsanlega vilji fleiri Byr í seglin. Þannig er fullyrt að Landsbankinn kunni að blanda sér í baráttu um sparissjóðinn. Líklegast er þó að það ráði för að nokkuð er um sömu hagsmuni meðal eigenda Byrs og Glitnis, líkt og með Spron og Kaupþing. Ég veðja á Glitni og að hlutirnir gerist hratt þegar Byr er orðinn hlutafélag.

Sparissjóðirnir eru eftirsóknarverðir að því leyti að þeir eru nokkuð vel látin fyrirtæki með góða viðskiptavini. Vandinn er bara sá að þeir eru tæplega rekstrarhæfar einingar í nútíma fjármálaþjónustu. Uppgjör Spron fyrstu þrjá mánuði

ársins sýnir þetta svart á hvítu. Tap fyrir skatta á þremur fyrstu mánuðum ársins var tíu milljarðar sem skýrist af lækkuðum bréfa Existu. Sjálfur rekstur sparissjóðsins skilar engu. Spron er því lítið annað en afleiða á Existu og hefur fengið trakteringar í samræmi við það á markaði.

Hagræðing í fjármálakerfinu er hafin og sparissjóðir munu hverfa einn af öðrum. Þessi þróun var byrjuð fyrir nokkrum árum, en skammstýrn stjórnvaldamenn stöðvuðu framvinduna. Sameinist eða deyið er kall tímans.

Kaupþing mun eignast Spron. Það er óhjákvæmilegt nema menn vilji heldur að Spron fari á hausinn. Ef Kaupþing hefði eignast Spron fyrir þremur árum, þá ættu Reykvikingar nú líknar- og menningarsjóð sem vægt reiknað státaði af höfuðstól sem næmi á annan tug milljarða króna eða svipað og eigið fé Spron í dag. Fyrir afrakstur þess mætti ylja sér í kreppunni við auðugt menningarlíf sem slíkur sjóður skapadi. Þar fór góður biti í kjaft öfundarinnar.

Ljóst er að þótt bankarnir skili ágætum uppgjörum þurfa þeir að styrkja undirstöður sínar og hagræða í rekstri til að vinna trúverðuleika á markaði. Líkin hrannast upp í lestinni þessa dagana og á markaði.

Menn eiga að reyna að hreinsa hratt út og láta ekki eftir sér skammvinnar fegrunaraðgerðir í bókhaldinu. Nú er tími nakins sannleika og þess að takast á við raunveruleikann. Fyrr er ekki nokkur leið að hefja undirbúning að glæstri framtíð.

Það er fleira á kreiki í spjalli á markaði þessa dagana. Teikn eru á lofti um að orlítið sé að birta til á alþjóðamörkuðum, þrátt fyrir að olíu- og matarverð muni þrengja að hagvaxtarmöguleika heimansins á komandi misserum. Taki að rætast úr á lánsfjármörkuðum mun fyrr eða síðar koma að því að íslensku bönkunum takist að nálgast fé á viðunandi kjörum. Markaðirnir ku ekki vera alveg lokaðir og ekki ólíklegt að tíðinda sé að vænta um frekari fjármögnun banka. Það mun hjálpa ásamt því að það hlýtur að fara að stytast í að kynntar verði lánalínur úr Seðlabanka Evrópu og Bretlands til að styrkja grunninn hér. Við þetta þyrfti svo að bættast erlend fjárfesting, annað hvort í formi kjölfestufjárfestis eða hreinlega að einn bankinn yrði seldur úr landi. Allt þetta yrði til þess að lina þjáningar okkar í efnahagslegu tilliti. Vandinn er að krónan dregur úr áhuga slíkra fjárfesta.

Bölsýnismenn munu enn um sinn sækja næringu í mótlæti hvunnagsins. Vanmetum samt ekki sköpunarmáttinn sem býr í viðskiptalífnum. Allar hræringar fæða af sér ný tækifæri fyrir skapandi fjárfesta.



HAFSTEINN Á ELDINGUNNI Fáir vita jafn vel og Hafsteinn Jóhannsson „kafari“ hversu mikilvægt er að fá góðan byr í seglinn. Í byrjun tíunda áratugar síðustu aldar sigldi Hafsteinn einn kringum hnöttinn á heimasmiðaðri skútu sinni og kom aldrei í land þá átta mánuði sem ferðin stóð.

MARKAÐURINN/RÓBERT

ORDSKÝRINGIN

## Mótaðilaáhætta

Mótaðilaáhætta er hugtak sem notað er í fjármálageiranum yfir mat á hættunni á að „gagnaðili fjármálsamnings uppfylli ekki ákvæði hans,“ svo notað sé orðalag greiningardeildar Kaupþings. Ein tegund slíkrar áhættu er kölluð afhendingaráhætta, en þar er átt við hættuna á því að „mótaðili afhendi ekki verðbréf í samræmi við ákvæði fjármálasamnings“. Önnur tegund er svo uppgjör-



áhætta og er þá vísað til þess möguleika að samningsaðili standi ekki við gerðan samninginn á uppgjörsgæði. Þriðja tegund mótaðilaáhættu er útlánaáhætta, en hún segir Fjármálaeftirlitið hér að sé „einn af mikilvægustu áhættuþáttunum í starfsemi banka“. Með útlánaáhættu er vísað til þess að lánatakendur standi ekki í skilum eða geti ekki endurgreitt lán sín.

ÚTGÁFUFLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRAR: Björgvin Guðmundsson og Björn Ingi Hrafnsson RITSTJÓRN: Hólmfríður Helga Sigurðardóttir, Ingimar Karl Helgason, Jón Aðalstein Bergsveinsson, Óli Kristján Ármannsson, Sindri Sindrason AUGLÝSINGASTJÓRI: Jón Laufdal RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaffahlíð 24, 105 Reykjavík AÐALSíMI: 512 5000 SíMBREFF: 512 5301 NETFÖNG: ritstjorn@markadurinn.is og auglysingar@markadurinn.is VEFANG: visir.is UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. dreifing@posthusid.is Markaðinum er dreift ókeypis með Fréttablaðinu á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Markaðurinn áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds.

SAGAN Á BAK VIÐ ... KRISTÍNU PÉTURSDÓTTUR, FORSTJÓRA AÐAR CAPITAL

## Þaulreyndur stjórnandi

Aður Capital fékk nýlega leyfi Fjármálaeftirlitsins til að starfa sem fjármálaframtækni. Félagið hefur meðal annars þá sérstöðu að allir helstu hluthafar eru konur og líka tíu af tólf starfsmönnum þess.

Kristín Pétursdóttir er forstjóri fyrirtækisins, en hún er enginn nýgræðingur í fjármála-starfsemi.

Hún var áður aðstoðarforstjóri hjá Kaupþingi Singer og Friedlander í Lundúnum. Þar starfaði

hún til loka þarsíðasta árs og hafði meðal annars yfirumsjón með samþættingu Kaupþings og Singer og Friedlander. Hún hafði fram að þessu starfi unnið hjá Kaupþingi frá árinu 1997.

Á árinum 1999 til 2005 var hún framkvæmdastjóri fjárfestingar hjá bankanum og mun hafa séð alfarið um fjárfögnun hans. Bankinn þandist út á þessu tímabili og var með starfsemi í nýu löndum þegar Kristín skipti um vettvang.

Áður en hún fór til Kaupþings hafði hún meðal annars starfað hjá Statoil í Noregi, Skeljungu og þar áður í Íslandsbanka.

Kristín lauk prófi í hagfræði frá Háskóla Íslands og síðar meistaraáráðu í alþjóðavískafræði frá Handelshögskólanum í Bergen í Noregi.

Þá er Kristín vön stjórnarsetu og hefur meðal annars setið í stjórn Kaupþings Singer og Friedlander auk þess að sitja í stjórn Veritas Capital. - ikh



### SPÁKAUPMAÐURINN

## Þér kemur þetta ekki við

Það er sótt að spákaupmanninum úr öllum áttum. „Ertu að kaupa? Ertu að selja?“ Varir spákaupmanns teygjast út að eyrunum. „Ég veit bara það sem ég les í blöðunum.“

Spákaupmaðurinn er ekkert ógurliga spennur fyrir því að fólk sé að hnýsast í hans eignir, sem hann aflaði með erfiðleikum og arfi. Varðar það spákaupmanninn einhverju hvað verður um annað fólk? Skiptir það máli þótt einhverjir aðrir missi vinnuna? Kemur það spákaupmanni við þótt einhverjir dæmist í ævilangt skuldafangelsi í íbúð í Fellunum?

Nei, nei og aftur nei. „Það er bara alls ekki mitt mál,“ segir spákaupmaður og hlær.

Það eina sem varðar spákaupmanninn er hvort hann hefur arð af sínum fjárfestingum. Annað skiptir ekki máli. Jafnvel þótt hann fái eignir að láni hjá öðrum, bara til þess að láta þær lækka í verði. „Svona eru reglurnar og ég ætti að vita. Ég bjó þær til sjálfur. Ég var bara að dýpka markaðinn,“ segir spákaupmaður sakleysislega en glottir við tönn.

Spákaupmaðurinn var skammaður um daginn. Hann græddi doltið vel á krónuvískafræði. Hann hafði eitthvert veður af því að einhverjir launamenn fóru að væla. Launin þeirra höfðu lækkað og maturinn þeirra hækkað. Lánin þeirra blésu út. Það sem er brýnast núna er að fá að sýsla með lífeyrissjóðina. Spákaupmaður strýkur kúlubömbina.

Hann á sér aðeins eitt hlutverk og einn tilgang. Að tryggja mjúka setu undir sjálfan sig. Kokkteilar eru ódýrir á krónukránni í Lúx og enn ódýrari á millabarnum á Grand Cayman.

Spákaupmaðurinn hlær að hinum sem hugsa út fyrir sjálfa sig. Þetta kemur þeim ekkert við. Þess vegna sér hann enga ástæðu til þess að aðrir viti hvað hann ætlar og skilur ekkert í spurningunum.

Spákaupmaðurinn hefur þess vegna búið sér til mottó: „Ég upplýsi ekki um neitt, umfram það sem kauphöllin og skatturinn heimta.“

Úff, þetta er svo íþyngjandi. Ég held ég kippi félaginu barasta af markaði.

Spákaupmaðurinn á horninu

### Er of hátt hitastig?

#### Loftkæling fyrir:

- Netþjóna
- Skrifstofur
- Veitingastaði
- Verlanir



**ís-húsið**  
S: 566 6000

Netverslun ishusid.is

## Ævintýrlegar lausnir... skrifstofubúnaður fyrir öll fyrirtæki!



**BILLCON**

Seðlatalningavélur



**SCAN COIN**

Mynttalninga- og flokkunarvélur



**ROSENGRENS**

Öryggis- og peningaskápar



**BISLEY**

Skjala- og skrifstofuskápar



**nashuatec**

Prentarar, skannar og ljósritunarvélur

Hafðu samband við sölumenn okkar og sjáðu hvað við getum gert fyrir þitt fyrirtæki.

S T O F N A Ð 1 9 5 3

**OPTIMA**

Vínlandsleið 6-8, S. 588 9000

Optima er aðili að rammasamningi Ríkiskaupa

## FÓLK Á FERLI

## Nýir stjórnendur hjá Tali

Búið er að endurvekja Tali, sem varð til í kjölfar sameiningar á Hive og Sko. Af því tilefni hafa fimm nýir stjórnendur verið ráðnir í yfirstjórn Tals.

**HERMANN JÓNASSON** forstjóri. Hermann starfaði hjá Landsbankanum frá árinu



2000, fyrst á verðbréfasviði en síðustu fjögur árin sem framkvæmdastjóri Sölu- og markaðssviðs. Áður starfaði hann hjá fjármálaráðuneytinu sem lögfræðingur. Hann útskrifaðist frá lagadeild Háskóla Íslands árið 1995 og öðlaðist réttindi til málfutnings fyrir héraðsdómi árið 1999.

**PÁLA ÞÓRISDÓTTIR** framkvæmdastjóri Sölu- og þjónustusviðs. Pála starfaði



sem forstöðumaður korta- og ráðgjafa- og þjónustuvæðing hjá Landsbankanum árin 2006-2008. Áður starfaði Pála sem forstöðumaður hjá Kreditkortum

hf. árin 1999-2006. Hún útskrifaðist með BA gráðu í almannatengslum og auglýsingafræði frá University of South Carolina árið 2003.

**RAGNHILDUR ÁGÚSTSDÓTTIR** forstöðumaður Prúnarsviðs. Ragnhildur starfaði



áður hjá Öðyra símafélögum frá árinu 2005, fyrst sem þjónustu- og vefstjóri en síðar sem framkvæmdastjóri í hartnær tvö ár. Áður var Ragnhildur mark-

adsstjóri Skjás Eins. Hún útskrifaðist með B.Sc. gráðu í viðskiptafræði frá Háskólanum í Reykjavík árið 2005. Samhliða námi var hún formaður og varaformaður stúdentafélags Háskólans í Reykjavík. Ragnhildur var jafnframt aðstoðarkennari við skólann um tveggja ára skeið.

**SIGMAR VILHJÁLMSON** sölu- og markadsstjóri. Sigmar kemur til Tals frá



Landsbankanum þar sem hann starfaði sem verkefnastjóri í korta- og markaðssviði bankans. Áður starfaði Sigmar hjá 365 miðlum og sinni

þar ýmsum verkefnum, þar á meðal sem sölustjóri Áskrifta- og forstöðumaður Sértekjudeildar. Sigmar er einnig kunnur fyrir störf sín sem sjónvarps- og útvarpsmaður.

**RÚNAR GUNNARSSON** forstöðumaður fjármálasviðs. Áður en Rúnar kom til



starfa hjá Tali starfaði hann hjá Glitni banka frá árinu 2000 og sem lánastjóri á fyrirtækjasviði frá miðju ári 2003. Hann útskrifaðist með meistaraþátt frá

University of Stirling árið 1997 og sem viðskiptafræðingur frá Háskóla Íslands árið 1995.



**UNNIÐ AF KAPPI** Mikill gangur er í byggingu tónlistarhússins á hafnarbakkanum í Reykjavík. Mannfrekar framkvæmdir eru fram undan, enda þótt útlendingar flykkist heim í auknum mæli.

MARKAÐURINN/GVA

# Mannaflsfrekar framkvæmdir fram undan

Vinnumálastofnun gerir ráð fyrir mikilli fækkun erlendra ríkisborgara á íslenskum vinnumarkaði í ár. Viðbúin fækkun í ár er þó minni en fjölgunin í fyrra. Þrátt fyrir spár um samdrátt í íbúðarbyggingum og mikla fækkun starfsfólks bendir Vinnumálastofnun á að fram undan séu vegaframkvæmdir og aðrar opinberar framkvæmdir, auk þess sem ýmsum viðhaldsverkefnum hafi verið frestað í þenslunni.

**E**rlendum ríkisborgurum á íslenskum vinnumarkaði fjölgaði um fjögur þúsund í fyrra, að mati Vinnumálastofnunar.

Stofnunin telur að um síðustu áramót hafi hátt í átján þúsund erlendir ríkisborgarar verið á vinnumarkaði hér. Það jafngildir um nú af hverjum hundrað á vinnumarkaði.

## FLESTIR Í BYGGINGARIÐNAÐI

Hlutfallslega störfuðu flestir erlendir ríkisborgarar við mannvirkjagerð, eða um fjórir af hverjum tíu allra sem störfuðu í byggingariðnaði, í heildina um sex þúsund manns. Í lok árs 2005 áætlaði Vinnumálastofnun að erlendir starfsmenn í byggingariðnaði væru innan við tvö þúsund.

Fyrir skömmu kom út skýrsla Vinnumálastofnunar um stöðu og horfur á vinnumarkaði í vor. Þar er sérstaklega fjallað um erlenda starfsmenn og byggingariðnað.

## FER AÐ HÆGJAST UM

Vinnumálastofnun segir að enn virðist vera nokkur eftirspurn eftir erlendu vinnuafli á íslenskum vinnumarkaði. Hún nefnir að nýskráningar á vinnumarkaði hafi verið lítið eitt fleiri á fyrstu þremur mánuðum þessa árs en á sama tíma í fyrra. Þar munar um tvö hundruð manns. Hins vegar telur stofnunin að fljótlega hægist á, vegna minnkandi umsvifa almennt og minnkandi einkaneyslu.

Þá setur stofnunin einn fyrirvara. Auknar skráningar í

ár megi hugsanlega skýra með auknu eftirliti og að um sé að ræða fólk sem komið var til landsins fyrir áramót.

## ERLENDU VERKAFÓLKI FÆKKAR

Nú gerir Vinnumálastofnun hins vegar ráð fyrir að þessu fólki fækki, jafnvel um þrjú þúsund manns á árinu. Það sést meðal annars á útgáfu svonefndra E-vottorða, en erlendir ríkisborgarar taka þau með sér til heimalandsins til staðfestingar á áunnum rétti til atvinnuleysisbóta. Um þúsund slík vottorð voru gefin út á fyrstu þremur mánuðum ársins, en þau voru um tólf hundruð í fyrra, flest á síðari hluta ársins.

Gissur Pétursson, forstjóri Vinnumálastofnunar, bendir raunar á að mörg þessara vottorða hafi verið vegna starfsmanna sem reistu álver á Reyðarfirði.

Vinnumálastofnun bendir enn fremur á að fjöldi útgefna leyfa og skráninga starfsfólks hafi verið yfir helmingur allra nýrra leyfa og skráninga árið 2005, en nú stefni í að þetta hlutfall verði um þriðjungur.

## MIKIL VELTA

Vinnumálastofnun gerir ráð fyrir að í heildina hafi um níu þúsund erlendir starfsmenn komið hingað til starfa í fyrra. Hins vegar er mismunandi hversu lengi fólk staldrar við. Þannig sýna tölur Hagstofnunar að erlendir ríkisborgarar flytja í töluverðum mæli frá landinu, eins og til þess. Í hitteðfyrra komu um sjö þúsund manns til landsins, en þá fóru

ríflega fimmtán hundruð í burtu. Í fyrra komu um 7.400 erlendir ríkisborgarar hingað til lands, en þá fóru tæp fjögur þúsund heim aftur. Ríflega 2.800 eru komnir það sem af er ári, en tæplega sjö hundruð þegar farnir heim. Eins og áður sagði hafa þegar verið gefin út um þúsund E-vottorð, svo að þessu fólki mun fjölga. Þá gerir Vinnumálastofnun ráð fyrir að um þrjú þúsund erlendir ríkisborgarar hverfi heim á árinu.

## FLEIRA BYGGT EN ÍBÚÐIR

„Íbúðarhúsnæði er sá hluti markaðarins sem er stopp. Það er bæði salan og fyrirgreiðslan í bönkunum,“ segir Árni Jóhannsson hjá mannvirkjadeild Samtaka iðnaðarins. Hann bendir hins vegar á að mannvirkjagerð sé meira en bygging íbúðarhúsnæðis. „Það er líka atvinnu- og verslunarhúsnæði, gatnagerð, hafnarframkvæmdir og verkefni sem tengjast stóriðju,“ segir Árni. Einnig má nefna tónlistarhúsið á hafnarbakkanum í Reykjavík. Árni bætir því við að verktakar reyni að færa sig á milli, en þurfi til þess tíma. „Það er engin nauðlending á íbúðamarkaðnum. Það er eins og þessi grein hafi verið skotin niður úr tuttugu þúsund feta hæð.“

## HIÐ OPINBERA SKAPI ÞÚSUND STÖRF

Bent er á það í skýrslu Vinnumálastofnunar að til standi að verja 25 milljörðum króna af opinberu fé til samgöngumannvirkja á árinu. Stofnunin áætlað að um 750 manns fái störf við

jarðvinnu, yfir 300 við brúargerð og um 150 manns við jarðgöng. „Á heildina lítið er því ljóst að opinberar framkvæmdir við gerð samgöngumannvirkja munu vinna gegn því aukna atvinnuleysi sem fyrirsjáanlegt er vegna samdráttar við byggingu almenns íbúðar- og atvinnuhúsnæðis,“ segir í skýrslunni.

Undir þetta tekur Árni Jóhannsson. „Þessi aukning þýðir þúsund störf, sem skiptir gríðarlegu máli.“ Árni bendir á að sextán þúsund manns starfi í byggingariðnaði. „Það er ekkert einkamál hvers og eins hvernig þessari grein reidir af. Þetta skiptir miklu máli fyrir allt samfélagið.“

## LÍTIÐ ATVINNULEYSI VEGNA STÓR-ÍÐJU

Þá er í skýrslu Vinnumálastofnunar fjallað um stóriðju og virkjanafarmkvæmdir. Um fimmtán hundruð manns höfðu atvinnu af slíkum framkvæmdum í lok síðasta árs. Fjórir fimmtu þeirra voru erlendir starfsmenn. Flestir störfuðu við Kárahnjúka og á Reyðarfirði. Gert er ráð fyrir því að stærstur hluti þeirra erlendu starfsmanna sem hafa unnið við þetta hafi horfið heim að framkvæmdum loknum. Gert sé ráð fyrir því að sama gildi um erlenda starfsmenn sem vinni að verkefnum sem ljúki á þessu ári og næsta.

Meginiðurstæða stofnunarinnar er að ekki sé gert ráð fyrir að atvinnuleysi aukist umtalsvert samfara minnkandi umsvifum á þessu sviði.

**Gefðu vatn**  
Hjálparstarf kirkjunnar  
www.hjelp.is

# Rafmagn á bílana!

Verð á eldsneyti fer hríðhækkandi; olíufatið komið í 120 dollara og bensínverð hér innanlands í 150 kr. lítrinn. Það eru ekki mörg ár síðan fatið fór niður undir tíu dollara. Vissulega kann spákaupmennska að knýja verðið upp nú um hríð en að flestra mati stefnir eldneysisverð til lengri tíma lítið einungis upp á við. Olíufurstarinn hlusta ekki á andmæli íslenskra vörubílstjóra þótt hátt hafi.

Við Íslendingar ættum þó ekki að þurfa að örvænta, meðal annars vegna þess að við flytjum nú þegar meira út af orku í formi áls en inn er flutt af olíuvörum. Raforkuverðið hlýtur að þrýstast upp líka, einnig það verð sem bundið er áli. Ábatinn mun skila sér í þjóðarþúð og getur jafnvel vegið upp aukinn kostnað af olíuinnkaupunum.

Þrátt fyrir þessa stöðu eigum við að gera allt sem skynsamlegt er til að draga úr notkun á innfluttu eldsneyti. Markmiðið í þeim efnum er tvíþætt: Að gera okkur óháðari erlendum olíubirgjum og síhækkandi olíuverði en ekki síður að draga úr hinni miklu losun okkar á hjúplofti, gróðurhúsalofttegundum. Sumir eru efins um að eitthvað sé á sig leggjandi vegna loftslagsvandans, en þeir mega halda sinni trú þar sem markmiðin fylgjast að. Varla eru þeir sömu á móti því að losna úr klafa olíunnar ef þess er hagkvæmur kostur.

## ORKUSPARNAÐUR OG INNLEND ORKA

Langstærsti olíunotandinn er bílarnir og hefur notkun þeirra farið hríðvaxandi. Fiskiskipin koma næst í röðinni en notkun þeirra hefur þó farið minnkandi. Þétt á eftir skipunum koma flugvélar. Brýnast er því að minnka eldsneytisnotkun bílaflotans. Í því neysluæði sem gripið hefur þjóðina hafa verið keyptir æ stærri bílar; meðal annars risajéppar sem sjást hvergi á götum Evrópu nema hér. Þarfir flestra má uppfylla með mun minni og neyslugrenni bílum. Ekki er eftir neinu að bíða. Hiklaust má ná fram 15-25 prósentu sparnaði með vali á bílum þótt fullt tillit sé tekið til þarfa stórra fjölskyldna. Í bættu aksturslagi og annarri hegðan er á móta mikið að hafa. Þá eru sífelldar framfarir í gerð bíla. Í nýlegri skýrslu breskra stjórnvalda er spáð um þrjátíu prósentu samdrætti í orkuþörf bíla með bættri tækni einni á næstu 5-15 árum og það án byltingarkenndra nýjunga á neinn máta.

En stóra spurningin er hvernig við getum látið innlenda orku koma í stað innflutts eldsneytis. Umræða fer nú fram um þetta en hún er einatt á reiki. Ruglað er saman orkugjöfum og orkuverum og fátt sagt um kostnað og hagkvæmni. Mikilvægt er að átta sig á að við eigum í meginatriðum tveggja kosta vól um innlenda orkugjafa í samgöngum: Rafmagns og lífræns eldsneytis. Annað, eins

## ORÐ Í BELG

**Porkell Helgason**  
Formaður stýrihóps  
ráðuneyta um verkefnið  
Vístvænt eldsneyti



og vetni og metanól, er orkuberar fyrir rafmagn. Lífræna leiðin kann að vera þyrnum stráð, a.m.k. ef rækta á eldsneytisgróður hér í okkar norðlæga landi. Hauggas frá sorpurðunarstöðvum er þó lífrænn kostur sem þegar er nýttur á hagkvæman hátt. Í þessum greinarstúf er ekki tómt til að fara nánar út í lífrænu kostina en sjónum beint að rafmagninu.

## RAFMAÐN EÐA VETNI

Eldsneyti er í raun lakur orkugjafi í samgöngum. Aðeins um fimmtungur af orkuinnihaldi bensíns skilar sér að lokum út í hjólin. Afgangurinn rýkur út í loftið í formi hita. Með því að nota rafmagn næst mun meiri nýtni; þrefalt til fjórfalt meiri. Orkunýtnin getur farið í allt að 90% á leiðinni frá raftengli til hjóla. Fyrir þjóð sem býr enn við gnótt vistvænna kosta til að afla raforku er vart til ákjósanlegri leið til að leysa olíuna af hólmi. Af hverju hefur það þá ekki löngu verið gert?

Ástæðan er vandinn við geymslu á raforkunni; hvernig á að geyma hana frá því að hún er sótt í rafkerfið og þar til henni er skilað út í rafvél bílsins. Þrátt fyrir að rafgeymar hafi verið til í tvær aldir hefur þróun í gerð þeirra verið hæð og geymslugetan er enn rýr. Rafbílar hafa því ekki náð fótfestu í neinum mæli. Horft hefur verið til vetnis sem milliliðar í þessu skyni; að umbreyta rafmagnni í vetni, geyma það í farartækjunum, og breyta því þar aftur í rafmagn með efnarafólum. Vetnisbílar af ýmsum gerðum eru nú prófaðir hér á landi. Hængurinn við vetnisferlið er sá að það er flókið og enn í þróun auk þess sem vetnisleiðin kallar á nýtt afgreiðsluferfi á orku og allur kostnaður er enn mikill. Náist að koma kostnaðinum niður situr samt eftir að orkutap er mun meira eftir vetnisferlinu en með beinni nýtingu raforkunnar geymdri á rafhlöðum. Það þarf langleiðina í eina Kárahnjúkavirkjun til að framleiða vetni til að knýja bílaflotann en takist að fara beinu rafleiðina þarf vart meira en fjórðung þess rafmagns.

Nú er tvennt að gerast sem vekur væntingar um beina nýtingu rafmagns í bílum. Annars vegar er loksins að verða verulegar framfarir í gerð rafhlaðna af ýmsu tagi. Allir hafa orðið varir við framvinduna í vasa sínum og fartölvum, þar sem rafhlöðurnar eru augljóslega mun geyslumeiri nú en var fyrir áratug eða svo. Þessa framvinda er á fleygiferð en mestar vonir eru bundnar við svokallaðar líþíumjóna-rafhlöður. Ekki er ljóst hvernær tæknin verður slík að rafbílar með rafhlöðum sem einustu orkugeymslunni verða raunhæfur valkostur. En þá er það hin byltingin sem kemur til bjargar. Það er tvinnvélatæknin, en með henni munu brátt bjóðast bílar, svokallaðir tengiltvinnbílar, þar sem orkugjafinn getur að mestu átt uppruna sinn í okkar vistvæna raforkukerfi; sjá rammagrein.

Byltingin með tengiltvinnbílum er ekki aðeins tæknileg heldur öllu frekar hugarfarsleg. Það sem staðið hefur rafbílum fyrir þrífum er sú eðlilega krafa að unnt sé að aka 300-500 km á einni orkuáfyllingu án þess að bíllinn sligist undan þunga rafgeyma. Þessa kröfu hefur ekki enn verið unnt að uppfylla. Tvinnvélatæknin leysir okkur úr þessari úlfakreppu. Ekki þarf lengur að gera kröfu um að hið átappaða rafmagn dugi nema fyrir svo sem dagsakstri sem í fæstum tilvikum er lengri en 50 km eða svo. Endurhleðslan fer síðan fram á næturstað bifreiðarinnar. Þurfi að aka lengra en bolmagn rafgeymisins leyfir er venjulegur eldsneytishreyfill tiltækur þannig að enginn þarf að verða strandaglópur. Verkaskiptingu rafvélar og sprengihreyfilsins er stýrt af tölvu án þess að bílstjórinn þurfi að grípa inn í.

## HVAÐ NÚ?

Brýnast er að endurskoða skattlagningu bifreiða og umferðar til að auka hvata til að velja eldsneytisgranna bíla og nota þá

sparlega um leið og hyglað sé bifreiðum sem ganga fyrir innlendu eldsneyti. Einfaldast er að láta öll gjöld miðast við losun hjúplofts. Vissulega er skattkerfið nú þegar af þessum toga, en þó með ýmsum frávikum og sérákvæðum. Til dæmis njóta sumar vistvænar lausnir riflegra skattfríðinda en aðrar ekki. Skattkerfið á ekki að gera upp á milli leiða, eða eins og Deng sá kínverski sagði þá er það sama hvernig kötturinn er á litinn bara ef hann veiðir mýs, eða í þessu tilviki: Ávinninginn á að mæla í minni notkun jarðefnaeldsneytis, ekki því hvort til þess eru notaðir rafgeymar, vetni, lífrænt eldsneyti eða bara sparleg notkun. Breyting skattkerfisins í þessa veru þarf ekki að leiða til breytingar á heildarskattlagningu. En allar breytingar koma samt við kaunin á einhverjum; kannski þeim sem vilja nú að ríkið fari að niðurgreiða olíu og bensín með skattalækkunum. Slíkt væri skammgöður vermir.

Hér hefur verið vakin sérstök athygli á kostum þess að rafvéla bílaflotann. En seint verður sama leið fær í fiskiskipum og flugvélum. Þar kann að vera rétta tækifærið fyrir vetni sem orkubera eða kannski öllu heldur metanól; nú eða lífrænt eldsneyti.

Meira má lesa um það sem hér hefur verið sagt í nýrri skýrslu sem iðnaðarráðuneytið og Orkustofnun hafa gefið út og finna má á vefsíðu ráðuneytisins: <http://www.idnadarraduneyti.is/>.

## Tengiltvinnbílar

Í tvinnbíl er rafstöð sem knúin er með sprengihreyfli en sjálf drifvél er rafmótor sem knýr hjólin. Á milli rafstöðvar og drifmótors er rafhlaða, fremur lítil, til að jafna út álagið. Það sem vinnst er að sprengihreyfilinn má reka með nokkuð jöfnu og hagkvæmu álagi. Að auki má láta drifmótorinn halda við þegar bremsað er og safnast þá upp drjúgur hluti þeirrar orku sem ella fer forgörðum. Tvinnbílar hafa verið á markaði í um áratug og ein tegund þeirra, Toyota Prius, náð talsverðum vinsældum hér á landi.


Næsta gerð tvinnbíla kallast tengiltvinnbílar (plug-in hybrids), en forskeytið vísar til þess að þá má setja í

samband við venjulegt rafkerfi og ná þaðan í viðbótarorku. Rafgeymirinn er talsvert orkurýmur en sá í venjulegum tvinnbíl. Geyminn má hlaða á næturstað bílsins þannig að nægt rafmagn sé til aksturs 50-100 km. Fyrst þegar hleðslurafmagnið er uppuríð gripur eldsneytisrafstöðin inn í svo að aka má bílnum jafnlangt og hverjum öðrum bensínbíl. Akstursmunstur flestra heimilisbíla er slíkt að jafnvel þó að einungis sé unnt að aka 50 km á rafmagnni á degi hverjum má ætla að rafmagnið spari um ¼ af því eldsneyti sem ella væri eytt. Þar sem eldsneytið nýtist auk þess vel í tengiltvinnbíl, allt eins og í venjulegum tvinnbíl, er þess að vænta að meðaleldsneytisnotkun fari niður fyrir tvo lítra á hverja 100 km.

Talið er að þess sé skammt að bíða að stóru bílaframleiðendurnir, svo sem Toyota eða GM, bjóði upp á tengiltvinnbíla, en síðarnefnda fyrirtækið segist koma með slíka bíla á markað haustið 2010. Nú þegar fæst á óháðum markaði búnaður til að breyta Toyota Prius í tengiltvinnbíl. Einn slíkur er í reynsluakstri hérlandis.



## ORKUKOSTIR FYRIR BÍLA: FRÁ ORKUGJAFAN TIL DRIFVÉLAR



## VERKEFNI NÆSTU ÁRATUGI



## DAGUR Í LÍFI ...

Fríðriks Sophussonar forstjóra Landsvirkjunar

**06.45** Vakna, fer í sturtu og vek Sisku (dóttur mína). Árbítur og blöðin lesin.

**8.00** Mættur í vinnu. Ég og Agnar Olsen, staðgengill minn, ræðum um undirbúning fyrir næsta stjórnarfund Landsvirkjunar.

**9.00** Til hádegis er fundað með samstarfsfólki um ýmis verkefni. Svokallaður tiltekardagur er í dag og því engir fundir bókaðir eftir hádegi.

**12.00** Hádeginn á miðvikudögum hafa verið heilög þar sem ég, ásamt skólafélögum úr lagadeildinni, hef þá stundað stymplingar undir nafninu innanhússknattspyrna, í KR-heimilinu. Yngri menn hafa bæst í hópinn og ekki er embættispróf í lögfræði lengur inntökuskilyrði. Í dag verður „ritualið“ að víkja fyrir fyrirlestri Sigríðar Dúnu, í Háskóla Íslands, sem stödd er heima um þessar mundir. Fróðlegur fyrirlestur fyrir fullu húsi þar sem sendiherrann fjallar um stjórn-málaþróunina í Suður-Afríku.

**14.00** Tiltekt í fullum gangi, en undirbúningur hefur staðið lengi yfir. Eftir var meðal annars til námskeiðs í verkvæða með Valgeiri Skagfjörð. Landsvirkjun fylgir leikreglum græns bókhalds, enda ruslið flokkað eftir kúnstarinnar reglum. Verðlaun eru veitt fyrir snyrtilegustu hæðina, bestu viðleitnina og fal-



Í **MÖRG HORN AÐ LÍTA** Fríðrik Sophusson ræðir við Soffiu Þórisdóttir ritara sinn um verkefni dagsins. Á efnisskrá dagsins var meðal annars tiltekt sem lauk með grillpartíi. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

legustu (hreingeringar)búningana. Snyrtipinni ársins er einnig valinn. Það er glens og gleði. Deginum lýkur með grillpartíi. Gámar af drasli hafa safnast og liðsheildin hefur styrkst meðal starfsmanna.

**18.00** Kem heim. Fjölskyldan ræðir atburði dagsins og ferminguna sem framundan er. Síðan er borðað. Ég sé um upphvottinn. Öðrum er betur treystandi fyrir matseldinni.

**18.45** Horfi á Chelsea og Liverpool leika undanúrslitaleik í Evrópukeppninni. Ágætur leikur, en hvorugt liðið er eins gott og Arsenal á góðum degi.

**21.00** Við hjónin erum mætt á söngvaraball í Iðnó. Davíð Ólafsson bassasöngvari stjórnar dagskránni af alkunnri snilld. Söngvararnir skemmta sjálfir og það er stórkostlegt að sjá og heyra. Heiðursgestur er Guðmunda Elíasdóttir óperusöngkona. Heillandi framkoma Guðmundu (sem er fædd 1920) ber því vitni að hún hefur staðið á fjöllum óperuhúsa. Við hjónin förum okkur hægt í dansinum en tölum þess meira við vini og kunningja.

**24.00** Förum heim, röbbum saman og ákveðum að sofa fram eftir.



**FÉLAGAR Í GOLFINU** „Golfarinn verður að reyna að læra að sleppa takinu og gleyma sér í leiknum. Ekki reyna að stjórna því sem eigi er unnt að stjórna,“ segir Arnar Jónsson. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

## Láttu leikinn leika þig

Golffélagarnir Arnar Jónsson leikari og Vignir Freyr Andersen lóttókynnir ræða um glímuna við golfið við *Völu Georgsdóttur*.

Arnar Jónsson leikari og Vignir Freyr Andersen, lóttókynnir og einn eigandi golfverslunarinnar Hole in one, eru gamlir golffélagar. „Fyrsta golfferðin út fyrir landsteinana var farin til Suður-Englands,“ minnst þeir á. „En mikið er um fína golfvelli fyrir utan stórborgir,“ segir Arnar og vísar til þeirrar vakningar sem orðin er í því að tengja golfferðir til útlanda við ferðir á sögufræga staði.

Golfið snýst um meira en bara kúlur og prik,“ nefnir Arnar, sem aldrei fær nóg af því að ræða um hinar andlegu hliðar golfsins. „Í golfinu er maður í innri glímu við sig sjálfan enda krefst golfið góðrar einbeitingar. Golfið gerir heilmikið fyrir sálarlífið.“

„Það eru engir tveir dagar eins í golfinu,“ segir Vignir og bætir við að á hverjum degi vakni menn endurnærðir. Veðrið sé síbreytilegt og félagarnir sömu-leiðis. „Golfið býður þannig alltaf upp á eitthvað nýtt.“

Allir eiga sína góðu og slæmu daga í golfinu, og Vignir átti sinn slæma dag á móti á Hellu nýverið. Hann er með 3,2 í forgjöf en lék áttundu holuna, sem er stutt par-3 hola, á fjórtán höggum. „Það er ekki hægt annað en að hlæja að þessu,“ segir Vignir, sem fékk viðurnefnið Vignir fjórtándi af félögum sínum í hollinu fyrir frammistöðuna.

Í golfinu er mikið atriði að stilla sig inn á það hugarfar að vera ekki of upptekinn af því að gera mistök. En þegar stressið fer að ná tökum á kylfingnum er eins og hvert feilhöggið á fætur öðru sé slegið.

„Golfið er spennandi leikur. Í leiknum verður maður að tæma hugann og láta ekki hausinn rugla í sér,“ segir leikarinn. Kylfingurinn er eilíflega í einhvers konar sjálfsskoðun þar sem innsæið getur skipt sköpum. Golfið gengur svolítið út á það að þjálfa sig í að treysta á eigið innsæi. „Þegar feilhöggin koma spyr maður yfirleitt sjálfan sig hvað hafi eiginlega gerst,“ segja þeir.

„Bestu höggin verða yfirleitt við þær aðstæður þegar það er enginn asi á mannskapnum,“ segir Arnar og bætir við að „golfarinn verður að reyna að læra að sleppa takinu og gleyma sér í leiknum. Ekki reyna að stjórna því sem eigi er unnt að stjórna.“

Allir vita að lítið er til gagns að ætla sér að stjórna straumnum í ánni. „Í golfinu er maður einhvern veginn að leita eftir rétta taktinum sem virkar fyrir mann hverju sinni,“ segir Vignir. Deepak Chopra, sem fjallað hefur um andlegar hliðar golfsins, hefur bent á að kylfingurinn eigi að láta leikinn leika sig, í stað þess að ætla sér að stjórna leiknum um of sjálfur.

**PÓSTURINN**  
 Sími 580 1000  
 40 00 078 225 8 22

**HVAÐ SEM FYRIRTÆKIÐ ÞITT ÞARF AÐ SENDA**

**LÁTTU PÓSTINN KOMA ÞVI TIL SKILA**

kynningarafsláttur

25%

Undirstaða fyrir gott heimili!

Gæðaparket frá **MEISTER**

Vidd | Bæjarlind 4, 201 Kópavogur | sími: 554 6800 | vidd@vidd.is | www.vidd.is

**VÍDD**

EFNI Í GOTT UMHVERFI

bestun

## BANKAHÓLFID

### Bankamenn skiptu litum

Biðsalurinn nýi í höfuðstöðvum Kaupþings við Borgartún er glæsilegur til fyrirlestra, dimmur eins og lög gera ráð fyrir þegar glærum er varpað á skjá. Þar birti þó til á dögum þegar erlendir greinendur þráspurðu Hreiðar Má Sigurðsson, forstjóra Kaupþings, hvort bankinn ætlaði ekki örugglega að draga enn frekar úr kostnaði á næstunni, meðal annars í starfsmannamálum. Hreiðar Már tók spurningunum vel og sagði markvisst unnið að hagræðingu á öllum sviðum, en betur mætti gera í þeim efnum og það yrði gert. Birti fyrir vikið yfir í salnum, þegar fjölmargir bankamenn skiptu litum, enda ljóst að niðurskurður í launum og fækkun starfsmanna getur orðið æði sársaukafullur fyrir þá sem fyrir verða.



### Vilja út úr skemmuni

Það eru fleiri en bankarnir sem þurfa að draga saman seglin. Bílheimar, sem fjárfestingarfélagið Sund á undir merkjum Ingvars Helgasonar, ráðgerði að reisa stóra skemmu á svæði í Hafnarfirði sem kallast Íshella. Þegar er búið að greiða dágóða upphæð inn á reikning verktafyrirtækisins en nú vilja BÍlheimamenn fara sér hægjar. Auðvitað eru alls konar afsakanir notaðar en menn eru samt tilbúnir að tapa tugum milljóna til að bakka út úr hundruða milljóna fjárfestingu sem erfitt er að fjármagn í. Svipaða sögu er að segja af Salt Investment, sem er að láta Ístak innrétta fyrir sig tvær hæðir í stóra turninum í Kópavogi. Það þykir ekki eins fýsilegur kostur nú á viðsjárverðum tímum.

### Sölutrygging Skeljungs

Glitnir hefur eins og kunnugt er sölutryggt Skeljung, sem er í eigu Fons Pálma Haraldssonar og Jóhannesar Kristjánssonar. Lítið fer þó fyrir sölunni enda áhugi fjárfesta lítill í þessu árferði. Það breytir því ekki að Pálmi getur ef hann vill gengið inn í Glitni og sagt stjórnendum bankans að greiða sér fyrirtækið. Unnið er að lausn málsins innan Glitnis, þar sem Pálmi er nú stór fjárfestir meðal annars í gegnum FL Group. Þá var drykkjarvöruverksmiðjan Vífilfell til sölu í um tvo mánuði en þegar á hólminn var komið var fyrirtækið tekið úr sölu meðferð. Umsvifin á þessum markaði hafa dregist saman eins og öðrum.



0,25

prósentustig er lækkuð stýrivaxta Seðlabanka Bandaríkjanna sem kynnt var um miðja síðustu viku. Þar eru stýrivextir nú tvö prósent.

143

milljarðar króna er hlutabréfaveita í Kauphöll Íslands í apríl. Samdrátturinn miðað við apríl í fyrra nemur fjórtíu prósentum.

304

milljarðar króna er umreikningur á tveggja milljarða punda skaðabótamáli í Lundúnum sem lögmaður Romans Abramovich hefur farið fram á að verði felld niður.

## Minni-Mástunga Skeiða- og Gnúpverjahreppi

Stærð: 0 km  
Fjöldi herbergja: 0  
Byggingarár: 0  
Brunabótarni: 0  
Bíokúr: Nei

**RE/MAX**  
Esja



### Minni-Mástunga

Verð: 370.000.000

#### Landareign - Stórjörð

RE/MAX Esja kynir í Eirkaölu: Jörðina Minni-Mástungu, yfir 500 hektara (þekkt 718ha) ásamt öllum húsum og hóteli á jörðinni. Hótel bygging (675fm), 2 sumarbústaðir (45fm og 60fm), einbýlishús (226,4fm), hesthús (141,7fm), hlaða (141fm) og fjós með áburðarkjálara (285,5fm). Jörðin sem er mikil grön og vel í raski er við þröskuld þjórsárdals á bökkum Kálfrar og henni fylgja veiðaréttind. Frá bænum er glæsilegt útsýni og náttúruferðin er mikil og fjölbreytt. Í landi Minni-Mástungu er staðsett glæsilegt hótél með veisluá, ráðgjafarúsal og einnig bar og veitingastað. Herbergi hótelsins eru 12 í einni álmu. Til eru teikningar af annari álmu til þess að bæta við herbergjum enda er hótelið hannað með rúm 24 herbergi í huga. Þúð er til staðar fyrir byggingu seinni álmu hótelsins. Eigandi veur athygli á því að mögulegt gæfi verið að breyta hótelinu í íbúðarhúsnæði. Skipulag gerir ráð fyrir um alls 12 sumarbústaði á jörðinni. Jörðin hentar sérlega vel til hestamennsku enda eru frábærar reiðleiðir til allra átta og er hún sannkötud hestamanna paradís. Einbýlishúsið er á 2 hæðum ásamt risi. Minni-Mástunga er í númerlega 1 kílómetri frá Reykjavík. Nánari upplýsingar veitir Eyjólfur Sölufulltrúi í síma 8215111 eða eyjolfur@remax.is. Sjá nánari upplýsingar um hótelið á: www.hotelreyfja.is



Eyjólfur Ingólfsson  
Sölufulltrúi  
8215111  
eyjolfur@remax.is



**RE/MAX**

RE/MAX Esja - Laugavegur 170 - 105 Reykjavík - Sími: 4144000 - www.remax.is

## Hvers vegna PwC?

\*connectedthinking

Öflugt ráðgjafar fyrirtæki í fremstu röð á Íslandi.  
Hluti af tengsla- og þekkingarneti PwC International um heim allan.  
Endurskoðun • Fyrirtækjaráðgjöf • Skatta- og lögfræðiráðgjöf

Þjónustustöðvar: Reykjavík - Akureyri - Húsavík - Selfoss - Keflavík

PRICEWATERHOUSECOOPERS

